

DANIEL TRYGGVI THORS

Fékk aukinn áhuga á tísku í Hong Kong

• tíska
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



GLERAUGU

Hönnun, tækni, tíska og alls kyns fróðleikur

Sérblað um gleraugu
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR

Söngdívafestu með einkaflugvél norður

Vildi syngja með Stjóminni á Landsmóti
FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. júlí 2009 — 179. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Sykursæt
Regina Spektor syngur popptónlist en þykir samt vera furðufugl.
TÓNLIST 24



Merkilegur maður
Leiksyning um ævi Jörundar hundadagakonungs verður sett upp í dag
TÍMAMÓT 21




Tónlist og líf þjóðar
„Bandaríkin gáfu heiminum djassinn á 20. öld, og Brasilía gaf heiminum bossa nova,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 18

Basel á KR-velli í kvöld
KR tekur á móti svissneska liðinu í fyrri leik þeirra í Evrópuvæðinginni.
ÍÞRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM SYÐRA í dag verða fremur hæggar norðlæggar áttir. Bjart með köflum syðra en rigning norðaustan og austan til og síðar norðvestan til seint í dag. Hiti 8-16 stig hlýjast sunnan til.
VEÐUR 4

Ríflegur meirihluti styður ESB-viðræður

Tæp 59 prósent landsmanna styðja aðildarviðræður við ESB samkvæmt niðurstöðum skoðanakannanar Fréttablaðsins. Tæp 57 prósent stuðningsmanna VG styðja viðræðurnar. Um 54 prósent sjálfstæðismanna eru andvíg viðræðum.

KÖNNUN Meirihluti þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Fréttablaðsins sagðist fylgjandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB). Alls sögðust 58,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku fylgjandi viðræðum, en 41,5 prósent sögðust andvíg þeim.

Þegar þeir sem sögðust óákveðnir eða vildu ekki svara eru teknir með eru 51 prósent fylgjandi viðræðum, 36,1 prósent á móti, 12,1 prósent óákveðnir og 0,8 prósent vildu ekki svara.

Skiptar skoðanir eru innan allra stjórnmálaflokka um ágæti aðildarviðræðna, en meirihluti stuðningsmanna beggja stjórnflokka styður viðræðurnar. Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks

og Framsóknarflokks er hins vegar andvígur aðildarviðræðum.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 89,1 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar styðja viðræðurnar, og 56,8 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna. Af

þeim sem sögðust myndu kjósa Borgarahreyfinguna voru 58,3 prósent fylgjandi viðræðum.

Alls voru 46,4 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn fylgjandi viðræðum, en 53,6 prósent á móti. Um 39,3 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins sagðist styðja aðildarviðræður, en 60,7 prósent sögðust á móti.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 28. júlí. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Ert þú fylgjandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið? Alls tók 87,1 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar.



Erfitt að finna sníðablöðin

NEYTENDUR Borið hefur á því að erfiðlega gengur að fá sníðablöð í íslenskum verslunum þrátt fyrir mikinn saumaáhuga. „Penninn hefur minnkad úrvalið og mun minna hefur komið af blöðum,“ segir Edda Bára Róbertsdóttir, deildar- og sölustjóri hjá Vogue, og bætir við að júlísníðablað hafi komið í síðustu viku.

Kolbrún Ósk Skaftadóttir, vörustjóri tímarita hjá Penninum, segir að eftir að Penninn skipti um kennitölu hafi þurft að semja við birgja upp á nýtt en nú hafi samningar tekist við alla aðila og bjartari tímar séu framundan.

- mmf / sjá Allt

Innbrot hjá Hrafn Gunnlaugs: Þýfið líklega flutt úr landi

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn á heimili kvikmyndagerðarmannsins Hrafn Gunnlaugssonar á Laugarnestanga fyrir skemmstu. Þjófarnir höfðu á brott með sér fimm tölvur. Þrátt fyrir fyrirspurnir í undirheimum borgarinnar bólar ekkert á þýfinu.

„Þetta er örugglega einhvers staðar í Austur-Evrópu núna,“ segir Hrafn sem syrgir fyrst og fremst það sem tölvurnar höfðu að geyma. Í klippitölvu var að finna framhald af Hvíta víkingnum, Ask, sem var að verða tilbúið. Þá var einnig handrit að víkingamynd sem Hrafn hefur verið að skrifa með Ólafi Gunnarssyni og heimildasaga um 68-kynslóðina.

- jbg / sjá síðu 34



BRÚNALJÓSIN BRÚNU Enskar skátastúlkur gæða sér á ís og brjóstsykri meðan þær virða fyrir sér stuttermabol með tvíraðri áletrun í versluninni Dogma á Laugavegi.

Englendingar hlæja að Brown

FÓLK „Ég hef ekki orðið var við að nokkur hafi móðgast vegna þessa bols, enda grunar mig nú að Gordon Brown sé ekkert mikið vinsælli úti í heimi en hér á landi,“ segir Benjamin Mark Stacey, afgreiðslumaður verslunarinnar Dogma á Laugaveginum sem sérhæfir sig í stuttermabolum í öllum litum, stærðum og gerðum.

Á rölti sínu um miðbæinn mætti ljósmyndari Fréttablaðsins nokkrum skátastúlkum frá norðanverðu Englandi sem hlógu sig máttlausar að bol einum í útstillingarglugga búðarinnar. Á stuttermabolnum er mynd af Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og áletrunin „Brown is the colour of poo“.

Þegar ljósmyndari innti stúlkurnar eftir álti sínu á Brown sögðust þær lítið sem ekkert vit hafa á pólitík. Bolurinn þætti þeim þó afar sníðugur.

- kg



Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum



sbarro 18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum 1990 kr. Rísa pizza

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750




Frábær tilboð í dag og um helgina!

A4 Skrifstofa og skóli

Afgreiðslutími
Mán-fim 09:00-18:30 + Fös 09:00-19:00
Lau 10:00-18:00 + Sun 12:00-18:00

SPURNING DAGSINS



Heimir, er þetta bara einhver tittlingaskítur sem Þjóðverjarnir eru að fetta fingur út í?

„Já, þeir líta kannski á þetta sem móðgun við bratwurstið.“

Klippa þurfti nýtt tónlistarmyndband upp á nýtt fyrir Þýskalandsmarkað þar sem það fór fyrir Þjóðverjum á sjá gylta í lim Daniels Ágústssonar. Heimir Sveinsson er annar leikstjóra myndbandsins.

Dönsk skoðanakönnun:

Drottningin er dönskust allra

DANMÖRK Að mati Dana er Margrét drottning þeirra danskari en allt sem danskt er. Þetta kom í ljós þegar danska dagblaðið Jót-



MARGRÉT DANADROTTNING

landspósturinn gerði skoðanakönnun, þar sem Danir voru spurðir hver komi helst upp í hugann þegar talað er um Danmörku.

Drottningin varð í efsta sæti, en næstur henni kom ævintýraskáldið H.C. Andersen.

Ungmenn í Danmörku líta hins vegar á leikarann og skemmtikraftinn Dirch Passer sem helsta holdgerving þess að vera danskur. Samkvæmt sömu skoðanakönnun telja Danir sig almennt vera skemmtilegri, lýðræðissinnaðri og frjálsslyndari en aðrar Evrópuþjóðir.

Yfirvöld í Kína:

Fækkun dauðarefsinga boðuð

KÍNA, AP Hæstiréttur í Kína fer fram á það við dómara í landinu að dauðarefsingum verði beitt sjaldnar, en tíðkast hefur til þessa.

Zhang Jun, varaforseti Hæstaréttar, segir í viðtali við kínverskt dagblað að dauðarefsingum verði að beita í hófi, en til þessa hefur þeim verið beitt við ýmis konar brotum, jafnvel skattsvikum.

Á síðasta ári voru að minnsta kosti fimm þúsund manns teknir af lífi í Kína, samkvæmt skýrslu frá mannréttindasamtökum sem nefna sig Hands off Cain. Þetta eru 87 prósent af aftökum í heiminum, sem á síðasta ári voru alls 5.727.

Lögfræðingar kallaðir á fund vegna ákvæðis í Icesave-samningnum:

Þingfundur í fyrsta lagi á fimmtudag

STJÓRNMÁL Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, gerir ráð fyrir að nefndin hittist ekkert fyrr en á þriðjudag. Setur hann þó þann fyrirvara að mögulega gæti fundur verið boðaður ef eitthvað sérstakt komi upp.

Á þriðjudag mun liggja fyrir álit frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um skýrslur fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um Icesave-samninginn sem óskað var eftir á dögum. Þá mun taka að minnsta kosti sólarhring að fara yfir álitid og skrifa nefndarálit, að sögn Guðbjarts. Ólíklegt er því að þingfundur hefjist fyrr en í fyrsta lagi á fimmtu-



GUÐBJARTUR HANNESSON Fjárlaganefnd mun ekki skila nefndarálit fyrir en á miðvikudag.

daginn í næstu viku. „Við vinnum eins hratt og við getum og allt er

á fullu,“ segir Guðbjartur en haldinn var fundur í nefndinni í gær til að ræða ákvæði 6.9 í Icesave-samningnum. Þar er talað um að ekki megi breyta íslenskum lögum þannig að það stangist á við evrópsk lög.

„Menn höfðu áhyggjur af þessu ákvæði út af neyðarlögum, þar sem þau breyttu forgangi á kröfum,“ segir Guðbjartur. Kallaði nefndin lögfræðingana Steinunni Guðbjartsdóttur og Eirík Tómasson á sinn fund. „Allir voru sáttir eftir þær umræður enda voru neyðarlög samþykkt löngu áður en samningurinn var gerður,“ segir Guðbjartur.

- vsp

Átta ára stúlka missti andann:

Festi hjálm á milli rimla

BÖRN Átta ára stúlka festi reiðhjólshjálma í rimlaleiktækni við Engidalsskóla í Hafnarfirði í gær. Hugðist hún, í félagi við vinkonu sínu, klifra rimlana en datt og festi hjálminn milli rimlanna, þar sem hjálmurinn var stærrí en gatið, og missti andann í nokkrar sekúndur.

Náði hún þó að losa hjálminn en áverkar eru þó nokkrir. Herdís Storgaard forstöðumaður Forvarnahússins segir að mikilvægt sé að foreldrar brýni fyrir börnun sínum að þenna hjálminn af sér áður en þau fari að leika sér í leiktækjum.

- vsp

Stefnir í metfjölda ferðamanna í ágúst

Ferðamönnum fjölga um 16 prósent í júlí og ágúst miðað við árið í fyrra, að mati Icelandair. Stefnir í 55 prósent fjölgun frá Frakklandi milli ára.

„Gjörsamlega uppbokað“ framan af ágúst, að sögn forstjóra Iceland Express.

SAMGÖNGUR Salan erlendis frá stefnir í að vera 16 prósentum meiri í júlí og ágúst hjá Icelandair en á sama tíma í fyrra. „Þetta er mjög ánægjulegt í þessu árferði. Það stefnir í meiri fjölda en nokkru sinni fyrr á þessum tíma,“ segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair.

Þó salan sé svipuð í heildina og í fyrra er erlendi markaðurinn að vinna upp tapið sem kemur frá Íslandi, að sögn Birkis, enda hefur Icelandair verið mikið að vinna í erlenda markaðnum. „Eftir bankahrunið tókum við eiginlega allar auglýsingar út á Íslandi og settum á erlenda markaðinn.“

Mest hefur fjölgun verið í sölu milli ára frá Frakklandi og talar Birkir um sprengingu í þeim efnum. Icelandair sér fram á 55 prósent aukningu þaðan í ágúst og er Frakklandsmarkaðurinn að fara fram úr þeim þýska „sem einhvern tímann hefði þótt saga til næsta bæjar,“ að sögn Birkis.

Ferðamönnum fækkaði um þrjú prósent í janúar til júní á þessu ári miðað við árið í fyrra, samkvæmt tölum frá Samtökum ferðaþjónustu. „Við skiljum ekki alveg þær tölur því við höfum verið að horfa upp á tíu til fimmtán prósent aukningu til landsins á þessu tímabili,“ segir Birkir.

Þó erfitt sé að meta fjölda bókana fram í tímann, því einhverjir panti flug á síðustu stundu, komi megnið af bókunum fjórum til tólf vikum fyrir brottför, að sögn Birkis. Einnig séu fá sæti laus í ágúst og því eigi þeir auðvelt með að meta þetta.



LEIFSSTÖÐ Iceland Express og Icelandair eru farin að einbeita sér að í auknum mæli að erlendum markaði metfjöldi er hjá báðum fyrirtækjum í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þrátt fyrir velgengnina hefur Icelandair þurft að segja um 430 manns upp á síðustu 18 mánuðum, að sögn Birkis. Nú starfa um 1.200 hjá fyrirtækinu og er stefnt að því að halda sama flugframboði og á síðasta ári, að sögn Birkis, en nýverið fór Icelandair að fljúga til Seattle.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir gjörsamlega uppbokað framan af ágúst. Iceland Express dró áætlunarflug saman um 25 prósent í ágúst en eftir á að hyggja var það kannski of mikið, að mati Matthíasar. „Mikil aukning er á ferðamönnum í ágúst og fækkunin á Íslendingum er ekki eins mikil og búist var við,“ segir Matthías sem segist hins vegar



BIRKIR HÓLM GUÐNASON

MATTHÍAS IMSLAND

hafa áhyggjur af framhaldinu.

„Við höfum áhyggjur af vetrinum og hvernig ferðamenn skila sér hingað sumarið 2010,“ segir Matthías sem segir Iceland Express nánast einbeita sér eingöngu að erlenda markaðnum.

vidir@frettabladid.is

- vsp

Enn óvissa um AGS-lán:

Sendifulltrúinn vill ekki tjá sig

PENINGAMÁL Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, vill ekki tjá sig um hvort málefni Íslands verði tekin fyrir á fundi AGS á mánudag.

Sagt var frá því í gær að óvissa væri um hvort málefni Íslands yrðu tekin til skoðunar á fundi AGS á mánudag eins og til stóð. Segja stjórnarliðar að ástæðan sé sú að ekki sé búið að ganga frá Icesave-samningnum. Aðrar heimildir segja að þetta gæti verið vegna þess að ekki er búið að ljúka endurskipulagningu bankanna sem ljúka átti í febrúar.

Endurskoðunin á mánudag, sem upphaflega átti að fara fram í febrúar og maí, er forsenda fyrir áframhaldandi lánveitingum sjóðsins til Íslands.

- vsp

Heilbrigðisráðuneytið:

Varað við notkun ljósabekkja

HEILBRIGÐI Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðgjafi óskaði eftir því í gær að Geislavarniríkisins myndu gera tillögu um hvernig megi bregðast við nýjum upplýsingum um að notkun ljósabekkja valdi húðkrabbameini.

Krabbameinsrannsóknarstöð, sem er hluti af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), kynnti niðurstöðu úr rannsókn í gær þar sem kemur fram að líkur á húðkrabbameini geti aukist um 75 prósent hjá þeim sem nota bekkina.

Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðgjafi, segir að niðurstöðurnar beri að taka alvarlega og beinir því til þeirra sem reka ljósastofur að gera fólki grein fyrir þeim hættum sem ljósabekkjastofur fylgja.

- vsp

Jón Ásgeir deilir við Moggann og segir lögmann hafa reynt að múta sér:

Vill ekki kæra meintar mútur

FJÓLMIDLAR Morgunblaðið og Jón Ásgeir Jóhannesson standa í deilum vegna fréttar sem birtist á forsíðu Morgunblaðsins í gær. Í tölvupósti, sem Morgunblaðið kveðst hafa undir höndum, er fjallað um hvernig Jón Ásgeir hugðist, í tveimur skrefum, ætla að endurfjármagna stóran skíðaskála í Courchevel í Frakklandi og selja hann. Þetta átti að losa um 17,6 milljónir evra, sem á þeim tíma voru rúmir þrjár milljarðar króna.

Jón Ásgeir segir hins vegar að „kófdrúkkinn“ blaðamaður Morgunblaðsins hafi margsinnis hótad sér og reynt að kúga út úr sér fé gegn því að tölvupósturinn yrði ekki birtur. Segir hann jafnframt að Morgunblaðið hafi átt við tölvupóstinn því „enginn skíðaskáli í Frakklandi á þessu svæði er metinn á 36 milljónir evra“.

Ritstjóri Morgunblaðsins, Ólafur Þ. Stephensen, hefur vísað orðum Jóns Ásgeirs á bug og segir hótanir blaðamanns Morgunblaðsins hugarburð Jóns Ásgeirs.

Jón Ásgeir hefur sagt að áður en Morgunblaðið hafi fengið tölvupóstinn hafi lögfræðingur reynt að kúga út úr sér þrjár milljónir fyrir plaggið. Segir hann upptökur til af þessu. Hann hyggst hins vegar



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN

ekki kæra málið þar sem þeirra „reynsla af Ríkislögglustjóra er þannig að við töldum að ekki yrði tekið á málinu þar“.

Jón Ásgeir Jóhannesson er eigandi 365 miðla sem Fréttablaðið heyrir undir.

- vsp

HUMAR

2000 KR/KG

MAKRÍLL OG SÍLD!

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

ERTU TIL FYRIR HELGINA?



Flispeysur á tilboði
3.999
Mikið úrval

verð áður **3.990**

Tax Free verð
2.803
Vindsæng, tvíbreið

verð áður **3.490**

Tax Free verð
3.205
Svefnpoki

3900933

3000045

Regnslá á tilboði
999

5868636-7

Tax Free verð
6.490
Tjald, 3ja manna

verð áður **7.990**

5869205


Kanna og 4 glös
199

4300068

Einnota grill
299

4301095

25%
afsláttur
Hayman pappadiskar,
servéttur, dúkar ofl.



Húsasmíðjan
í heimabyggð



ATH!
Úrval getur verið mismunandi
milli verslana

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 127,61 | 128,21 |
| Sterlingspund | 209,14 | 210,16 |
| Evra | 180,52 | 181,54 |
| Dönsk króna | 24,244 | 24,386 |
| Norsk króna | 20,525 | 20,645 |
| Sænsk króna | 16,996 | 17,096 |
| Japanskt jen | 1,3464 | 1,3542 |

SDR 198,25 199,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 234,3028

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Evrópumálaráðherra Frakklands fundaði með utanríkisráðherra í gær:

Purfum að leysa Icesave-deilu

UTANRÍKISMÁL Íslendingar verða að leysa Icesave-deiluna að sögn Evrópumálaráðherra Frakklands. Pierre Lellouche var staddur hér á landi í gær til að funda með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Árna Þór Sigurðssyni formanni utanríkismálanefndar.

Lellouche segir það hafa komið skýrt fram á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna síðastliðinn mánudag að samkomulag um Icesave sé mikilvægt mál fyrir tvö aðildarríki og það verði að leysa. Það sé sérstaklega skilyrði af hálfu Hollendinga. Hann sagði þó að öðru leyti myndi efnahagsástandið ekki hafa áhrif á aðildarumsóknina.

Þá segir Lellouche að frönsk stjórnvöld leggi áherslu á að allt fjármálaregluverk verði styrkt í Evrópu og þau vonist til að Ísland styðji það og taki fullan þátt í því. Lélegt regluverk hafi verið orsök fjármálahrunsins hér á landi.

„Ég hef ekki heyrt um neitt ríki sem er mótfallið aðild ykkar, sem eru góðar fréttir,“ sagði Lellouche. Hann sagði að mikilvægt skilyrði fyrir inngöngu allra nýrra ríkja væri að Lissabon-sáttmálinn yrði samþykktur. Án hans yrði að hverfa aftur til Nice-sáttmálans sem heimili ekki stækkun sambandsins. „Þá verðum við í vanda.“



RÁÐHERRARNIR Össur Skarphéðinsson og Pierre Lellouche eftir fund sinn í gærmorgun. Lellouche sagði Ísland mjög vel státt vegna þátttöku sinnar í EES og Schengen og landið myndi hafa margt fram að færa í Evrópusambandinu.

Svik gegn Íbúðalánasjóði:

Tveir í viðbót í gæsluvarðhald

LÖGREGLUMÁL Tveir menn um tvítugt, sem handteknir voru í Leifsstöð á þriðjudag við komuna frá Malaga á Spáni, voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald í eina viku. Þeir eru taldir tengjast stórfelldum fjársvikum, þar sem meðal annars fyrirtækjaskrá var blekk með fölsuðum skjölum og tugir milljóna voru sviknir út úr Íbúðalánasjóði.

Tveir menn, fæddir 1989 og 1990, hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins í rúma viku. Varðhaldið yfir öðrum þeirra rennur út í dag en fastlega má búast við að óskað verði eftir framlengingu á því.

Svínaflensutilfellum fjölgar: Allir á batavegi

HEILBRIGÐISMÁL Upplýst var um tólf ný tilfelli svínaflensu í gær og hafa þá alls 46 greinst með flensuna.

Sex hinna nýgreindu eru nýlega komnir frá útlöndum en hinir sex hafa smitast hérlendis. Fólkið er á aldrinum 14 til 56 ára. Sem fyrr veiktist enginn alvarlega og allir eru á batavegi. Þar sem einkenni eru væg hér á landi eru engin áform uppi um að takmarka samkomuhald.

Landlæknir vekur athygli á því að handþvottur og hreinlæti sé besta leiðin til að forðast smit.



NEITA Sakborningarnir Rúnar Þór Róbertsson, Jónas Árni Lúðvíksson og Árni Hrafn Ásbjörnsson hildu andlit sín í héraðsdómi.

Stærsta smyglmálið í dóm:

Aðalmeðferðin er yfirstaðin

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í stærsta fíkniefnamáli Íslandssögunnar lauk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sex eru ákærðir fyrir að hafa í sameiningu staðið að innflutningi á rúmu hundrað kílóum af amfetamíni, kannabísefnunum og e-töflum, sem flutt voru til landsins um borð í skútu.

Þremmingarnir sem handteknir voru um borð í skútninni neita sök og segja lögreglu hljóta að hafa farið skútuvíllt. Hinir játa sök að hluta, en segjast hafa haldið sig vera að taka á móti sterum. Í gær fengu verjendur tækifæri til að tjá sig um gögn sem lögð voru fram í málinu á síðustu stundu. Málið var því næst lagt í dóm.


Telur VG mega vel við una

Stjórnmafræðingur segir það hljóta að vera gott fyrir ríkisstjórnina að finna fyrir stuðningi þeirra tæpra 59 prósent þjóðarinnar við aðildarviðræður við ESB sem könnun Fréttablaðsins sýnir fram á. Málið hafi verið erfitt fyrir VG, sem megi vel við una. Niðurstöðurnar koma fulltrúum þingflokka ekki á óvart.

KÖNNUN „Þessar niðurstöður eru í takt við það sem við höfum verið að sjá í öðrum könnunum þar sem spurt hefur verið um afstöðu til aðildarviðræðna. Ég held að það hljóti að vera afskaplega gott fyrir ríkisstjórnina að finna fyrir þetta miklum stuðningi við viðræðurnar,“ segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmafræðingur, um skoðanakönnun Fréttablaðsins varðandi aðildarviðræður við Evrópusambandið. Samkvæmt könnuninni styðja tæp 59 prósent landsmanna viðræðurnar. Um 57 prósent stuðningsmanna VG er fylgjandi viðræðum en tæplega 54 prósent sjálfstæðismanna eru þeim andvíg.

Að mati Einars Mars vekur hátt hlutfall stuðningsmanna VG sem styðja viðræðurnar mesta athygli. „Þessi tæpu sextíu prósent eru meira en við höfum séð í öðrum könnunum. Ég held að VG geti vel við unað, því þetta mál var afskaplega erfitt fyrir flokkinn og þó nokkrir þingmenn á móti því,“ segir Einar Mar Þórðarson.

Útbreitt sjónarmið Niðurstöðurnar koma Steingrími J. Sigfússyni, fjármálaráðherra og formanni VG, ekki á óvart. „Við vissum að nokkur meirihluti þjóðarinnar vildi láta



reyna á þessar viðræður, en það þýðir ekki endilega að meirihluti sé fyrir því að Ísland gerist aðili að ESB. Einnig höfum við skynjað að það er útbreitt sjónarmið í stuðningsmannabaklandi flokksins að þessu máli verði komið á ferð, þótt þar sé mikil andstaða við aðild,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.

Sýnir viðtækan stuðning

„Þessu hefur lengi verið lofað og mikill einhugur ríkt meðal flokksmanna um þessa afstöðu,“ segir Árni Páll Arnason, félagsmálaráðherra og þingmaður Samfylkingar, en af þeim sem tóku afstöðu í könnuninni sagðist 89,1 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar styðja viðræðurnar. „Að mínu mati sýnir könnunin líka viðtækan stuðning við málið í

öllum flokkum. Þetta er ekkert eins flokks mál,“ segir Árni Páll Arnason.

Miklar væntingar til sannings

Alls voru 46,4 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn fylgjandi aðildarviðræðunum, en 53,6 prósent á móti. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, segir það ekki koma sér á óvart að skiptar skoðanir séu um þetta mál meðal sjálfstæðismanna. „Á hinn bóginn vekur það athygli mína að mikill munur er á niðurstöðum kannana þegar spurt er hvort stuðningur sé við aðildarviðræður annars vegar, og hvort Ísland eigi að ganga í ESB hins vegar. Það er einokkandi fyrir umræðuna að mjög miklar væntingar eru gerðar til þess sannings sem okkur

stendur mögulega til boða,“ segir Bjarni.

stendur mögulega til boða,“ segir Bjarni.

Á ekki að vera flokkamál

„Ég held að könnunin sýni að aðild að ESB á ekki að vera flokkspólitískt mál. Málið á sér svo margar hliðar að það mun ekki verða svo, það höfum við líka séð í öðrum löndum sem staðið hafa frammi fyrir þessu vali,“ segir Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, en 58,3 prósent stuðningsmanna hennar voru fylgjandi viðræðum í könnun Fréttablaðsins. Margrét segist sjálf vera heldur hlynnt slíkum viðræðum.

Í samræmi við væntingar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir niðurstöðurnar í samræmi við sínar væntingar, bæði hvað varðar flokk sinn og eins þjóðina í heild. „Meginrökkin fyrir því að fara út í slíkar viðræður hljóta að vera þau að eyða allri óvissi um málið. Þeir sem hlynntir eru aðildarviðræðum innan Framsóknarflokksins er mörgum ekki sama hvernig að slíkum viðræðum er staðið, varðandi tímasetningu þeirra og fleira,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. kjartan@frettabladid.is



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

www.ellingsen.is

SÍÐUSTU DAGAR SUMARMARKAÐS ELLINGSEN

Sprengfull búð af frábærum tilboðum!

Lokað um verslunarmannahelgina 1.-3. ágúst

REYKJAVÍK • AKUREYRI

VEÐURSPÁ

FÍNAR HELGARHORFUR Hæglætisveður verður þessa helgina. Á morgun verður bjart syðra en hætt við síðdegis-skúrum. Suðaustan og austan til verður bjart með köflum og hætt við lítilsháttar skúrum við ströndina. Nyrðra verður úrkoma. Á laugardag eru horfur á smáskúrum sunnan og suðvestan til annars þurr að kalla. En síðan verður sólrikt syðra sunnudag og mánudag.

Á MORGUN NA-strekkingur vestast á landinu annars hægviðri.

LAUGARDAGUR Hæg breytileg átt.

| HEIMURINN | °C |
|-----------------|-----|
| Alicante | 30° |
| Amsterdam | 20° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 31° |
| London | 22° |
| New York | 29° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 23° |
| Róm | 35° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Tölvan sem klárar skólann með þér



INSPIRON™ 15
Intel® Centrino® 2 Processor Technology
með Intel® Core™2 Duo processor
P8600 2.40GHz, 1066MHz FSB, 3MB L2 Cache

Fæst í ýmsum litum.

VERÐ frá

119.900 kr.



Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Atom, Intel Atom Inside, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.



Explorer lítil mús

Lítill mús með Microsoft BlueTrack tækni sem hægt er að nota á nánast hvaða undirlagi sem er.

VERÐ

7.390 kr.



USB minnislyklar

Nettur og lítríkur minnislykill (svartur, blár, bleikur) sem fæst í 4 GB, 8 GB 16 GB útfærslu.

VERÐ frá

2.490 kr.



Bluetooth stereo heyrnartól

Bluetooth stereo heyrnartól frá Dell. Smella nett utan um eyru og fyrir aftan höfuð. Engar snúrur, ekkert vesen.

VERÐ

8.990 kr.



Office Home and Student 2007

Innihald: Word 2007, Excel 2007, PowerPoint 2007, OneNote 2007. Skólaleyfi fyrir 3 vélar.

VERÐ

18.990 kr.



Nylon fartölvu-bakpoki

Hentar fartölvum með allt að 16" skjái. Skjala- og auka-hlutahólf með rennilás. Stillanleg axlar- og mittisól.

VERÐ

8.990 kr.



Trend Internet Security 2009 vírusvörn

Alhliða vörn fyrir tölvur. Eldveggur. Spam vörn.

VERÐ

5.990 kr.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000



KJÖRKASSINN



Ætlar þú í ferðalag um verslunarmannahelgina?

| | |
|-----|-------|
| Já | 29,5% |
| Nei | 70,5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur þú komið á nektar-nýlendu?

Segðu skoðun þína á Vísir.is 

Nýlegar og væntanlegar breytingar hjá lögreglunni ræddar á félagsfundum:

Lögreglumenn þreyttir á breytingum

LÖGGÆSLA Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu hafa blásið til almenns félagsfundar síðdegis í dag til að ræða ástandið í lögreglumálum í borginni. Lögreglumenn eru ósáttir við nýlegar og væntanlegar breytingar á skipulagi lögreglunnar.

Rannsóknardeildir lögreglunnar hafa verið fluttar út í nýjar hverfis-lögrelustöðvar, sem til stendur að veita enn frekara sjálfstæði. Að sögn Arinbjörns Snorrasonar, formanns Félags lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu, eru rannsóknarlögrelumenn óánægðir með breytinguna sem orðið hefur. Arinbjörn segir að með því að



ARINBJÖRN Á FUNDI Arinbjörn segir hugsanlegt að dómsmálaráðherra mæti á fundinn.

setja á fót þessar sjálfstæðu lögrelustöðvar sé í raun verið að snúa við þeirri breytingu sem gerð var í ársbyrjun 2007, þegar

lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í eitt. „Það má eiginlega segja að þeir séu komnir í riflega 360 gráður,“ segir hann. Sameiningin hafi augljóslega mistekist að hluta eða öllu leyti.

Þá er að störfum vinnuhópur innan dómsmálaráðuneytisins sem ætlað er að skila tillögum til ráðherra um enn frekari skipulagsbreytingar hjá lögregluembættum landsins, sem kunna að verða viðtækar að sögn Arinbjörns.

„Við erum orðin breytingaþreytt,“ segir Arinbjörn. „Við höfum verið í hálfgerðu breytingaferli síðan 1997, mannskapurinn er kominn á ystu brún.“

Fjórir menn handteknir:

Tvö fíkniefnamál í borginni

LÖGREGLUMÁL Lögregla fann 300 grömm af amfetamíni, nokkuð af e-töflum og talsvert magn af öðru efni sem eftir á að greina við húsléit í Breiðholti í fyrradag. Þá var lagt hald á peninga, sem talið er að séu gróði af fíkniefnasölu, og ýmsa muni tengda slíkrí starfsemi. Maður á fertugsaldri, sem áður hefur komið við sögu lögreglu, var handtekinn.

Um svipað leyti fundust vel á annað hundrað grömm af amfetamíni og um 50 grömm af hassi í húsi í Grafarvogi. Þar voru þrír menn á þritugsaldri, sem allir hafa komið við sögu lögreglu. Þeir voru yfirheyrðir.

- sh

Hafna því að skuldir hafi verið fluttar inn

Fulltrúar álfyrirtækjanna segjast ekki færa skuldir á dótturfélögin á Íslandi. Aðstoðarmaður fjármálaráðherra hefur áhyggjur af skuldastöðu gagnvart móðurfélögum. Alcan segist vera skuldlaust við móðurfélag og lánardrottna.

EFNAHAGSMÁL Fulltrúar álfyrirtækjanna hafna því, sem sagt var í Fréttablaðinu í gær, að skuldir séu færðar frá móðurfélögum til dótturfélaga. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lýsti í gær yfir áhyggjum yfir slæmri skuldastöðu gagnvart móðurfélögunum og aðstoðarmaður hans, Indriði H. Þorláksson, fyrrum ríkisskattstjóri, tekur undir það.

Líkt og greint var frá í gær reiknar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þessar skuldir inn í heildarskuldastöðu þjóðarbúsins.

Fulltrúar Alcan (álverið í Straumsvík) segja í yfirlýsingu að fyrirtækið hafi gert upp allar skuldir við móðurfélagið um mitt síðasta ár. Fyrirtækið sé skuldlaust, bæði við móðurfélagið og lánastofnanir.

Í tilkynningu frá Norðuráli segir að ekki hafi verið færðar neinar skuldir frá móðurfélaginu (Century Aluminum) til Norðuráls. Eiginfjárlutfall félagsins sé sterkt og lán frá móðurfélaginu sé víkjandi, sem þýðir að aðrar kröfur eru greiddar á undan þeim.

Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 sést að móðurfélagið lánar 301 milljón Bandaríkjadala til dótturfélagsins. Á sama tíma er greidd upp skuld við lánastofnanir. Hluti lánsins, jafngildi 85 milljóna dala, var í íslenskum krónum á föstum 17 prósentu vöxtum. Afgangurinn var í dölum og bar 8 prósent vexti.



GRUNDARTANGI Fulltrúar Norðuráls segjast ekki hafa flutt skuldir frá móðurfélögunum á Grundartanga. Alcan segist vera skuldlaust við móðurfélag og lánardrottna.



INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON

Indriði H. Þorláksson segir þetta dæmi um að verið sé að breyta fjármögnun. Það sé ekki ólöglegt, en bjóði hættunni heim, því lána-kjör á milli svo tengdra aðila þegar um er að ræða erlent eignarhald, því þá getur þetta verið leið til að koma tekjum undan skatti hér á landi, því vaxtagreiðslur eru, jú,

frádráttarbær rekstrarkostnaður. Ef móðurfélagið leggur inn lánsfé í stað þess að fjármagna starfsemiina með hlutafé, kemur það niður á skattstofninum.“ Indriði segir að vextir láns Norðuráls séu óneitanlega nokkuð háir.

Ágúst Hafberg, hjá Norðuráli, segir fjármögnun fyrirtækisins bæði víkjandi lán og hlutafé, það síðastnefnda sé mun hærra. „Þetta er alþekkt fyrirkomulag og til dæmis það sama og fjármálaráðuneytið ætlar að nota við eiginfjármögnun bæði Kaupþings og Íslandsbanka.“

Von var á viðbrögðum frá Alcoa (Fjarðaál) í gær en engin bárust.

kolbeinn@frettabladid.is



Viðskiptavinir Byrs geta sparað sér þúsundir króna á ári!

Frá og með 1. ágúst nk. verður allur hefðbundinn póstur frá Byr sendur út rafrænt. Pósturinn er sendur beint í heimabankann þinn.

Byr mun því ekki lengur senda út eftirfarandi:

- Reikningsyfirlit
- Kreditkortayfirlit
- Greiðsluseðla lána og kreditkorta

Engin breyting verður á útsendum pósti til ófjárráða einstaklinga. **Pappírslaus viðskipti fela í sér bæði einfaldari og öruggari samskipti.** Pósturinn skilar sér alltaf til þín í heimabankann sem aðeins þú hefur aðgang að.

| Dæmi um sparnað | Fjöldi á ári | Sparnaður á ári |
|---|--------------|-------------------|
| Yfirlit launareiknings | 4 | 380 kr. |
| Kreditkortayfirlit og greiðsluseðill* | 12 | 2.100 kr. |
| Greiðsluseðill lána í íslenskum krónum* | 12 | 5.160 kr. |
| Greiðsluseðill lána í erlendri mynt* | 12 | 3.600 kr. |
| Samtals sparnaður á ári: | | 11.240 kr. |

*Miðað er við skuldfærslu og rafrænt yfirlit

Hægt er að sækja um pappír og heimabanka Byrs á www.byr.is, í næsta útibúi Byrs eða með því að hringja í síma 575 4000.



Aðskilnaðarsamtök Baska eru engan veginn hætt ofbeldisverkum:

Ráðist á fjölskyldufólk í blokk

SPÁNN, AP Talið er að ETA, aðskilnaðarsamtök Baska, hafi staðið að baki öflugri bílasprengju, sem olli verulegu tjóni á norðanverðum Spáni í fyrrinótt.

Um sextíu manns slösuðust og miklar skemmdir eru á byggingu, þar sem lögreglumenn og fjölskyldur þeirra búa. Sprengjan sprakk fyrir utan þessa byggingu í bænum Burgos í Baskahéruðum Spánar um tvöleystið að staðartíma.

Enginn frá ETA hringdi áður en sprengjan sprakk til að vara við, eins og venjan hefur þó verið. Engu að síður telja yfirvöld líklegast að ETA hafi staðið að þessu voðaverki.

„Árásinni var greinilega ætlað að valda dauðsföllum,“ sagði Alfredo Perez Rubalcaba, innanríkisráðherra Spánar. „Þessu var ekki aðeins beint að þeim sem starfa í varðliðasveitunum, sem væri fyrirliðlegt í sjálfu sér, heldur var stefnt að því að meiða fjölskyldur þeirra, sem gerir þetta enn viðurstygglegra.“

Þetta er áttunda árásin frá ETA á þessu ári, sem sýnir greinilega að samtökin eru í fullu fjöri þrátt fyrir að lögreglunni á Spáni og í Frakklandi hafi tekist að gera þeim stórar skráveifur undanfarið.

Samtökin hafa orðið meira en 800 manns að bana síðan 1968 þegar þau hófu vopnaða baráttu fyrir stofnun sjálfstæðs Baskalands.

- gb



MIKLAR SKEMMDIR Öflug bílasprengja sprakk að næturlagi fyrir utan bygginguna þar sem lögreglumenn og fjölskyldur þeirra búa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TRUE nýjar vörur

Bolero bolur
3.499kr
Hlírabolur
2.299kr



Kjöll
3.999kr



Kjöll
5.999kr



Kjöll
4.999kr



Buxur
4.999kr

Kaðlapeysa
9.999kr

Síður bolur
3.499kr

Leggings
2.999kr



Buxur
3.999kr

Bolur
3.499kr

Buxur
4.999kr



Skór
st. 36-41
Vnr. 778761
4.999kr



Sportskór
st. 36-42
Vnr. 769129
4.999kr



Sportskór
st. 36-42
Vnr. 769131
6.499kr



Skór
st. 36-41
Vnr. 769100
4.999kr



24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




1. Hvað heitir íslenska landsliðskonan sem fótbrotnaði nýlega í leik á móti Fylki?
2. Hve mikið kostaði breska kvikmyndin Colin, sem nú er á leið í kvikmyndahús, í framleiðslu?
3. Hvaða stjórnmálaflokkur bætti mestu fylgi við sig í könnun Fréttablaðsins?

SVÖR VIÐ SPURNINGUNUM ERU Á Síðu

EVROPUSAMBANDIÐ OG BIG MAC-VÍSITALAN

Evrulöndin dýrari en hin ríki ESB

Ísland er töluvert dýrara land en lönd Evrópusambandsins ef tekið er mið af Big Mac-vísitalu blaðsins Economist. Á Íslandi kostar Big Mac-hamborgarinn 650 krónur en 582 krónur í löndum sem hafa evruna. Economist vill meina að Big Mac-verð sé ein af bestu aðferðunum til að mæla verðlag í löndum þar sem um mjög staðlaða vöru er að ræða. Eina sem getur skekkst tölurnar eru misháir skattar innanlands. Áhugavert er að skoða að þau lönd sem hafa evru eru töluvert dýrari en lönd Evrópusambandsins sem enn hafa ekki tekið upp evru. Þannig er Big Mac-hamborgari nánast helmingi ódýrari í Póllandi en í evrulöndunum en í Póllandi kostar borgarinn 304 krónur. - vsp



* Vegið meðaltal Evrullanda: Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Þýskaland.



LEIÐTOGI STJÓRNARANDSTÖÐUNNAR Vlad Filat, leiðtogi Frjálslynda lýðræðisflokksins, ræðir við blaðamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Moldóvu:

Kommúnistum hafnað í gær

MOLDÓVA, AP Útgönguspár benda ótvírætt til þess að kjósendur í Moldóvu hafi í gær hafnað kommúnistastjórn landsins, en þess í stað valið frjálslyndari stjórnarandstöðu sem vill nánari tengsl við Evrópusambandið. Stjórnmál í Moldóvu hafa verið í uppnámi síðan í apríl, þegar fjölmenn mótmæli voru haldin í kjölfar kosninga. Stjórnin var sökuð um að hafa falsað úrslitin.

Kommúnistastjórnin í þessu fátæka landi, sem áður tilheyrði Sovétríkjunum, hefur viljað halda nánum tengslum við Rússa en forðast tengsl við Evrópu. - gb

Þúsundir flýja að heiman

Tugir manna hafa látist í átökum í norðanverðri Nígeríu. Íslamskir uppreisnarmenn berjast við stjórnarherinn, en Yar'Adua forseti segir hér ekki neitt trúarbragðastríð á ferðinni. Átökin bitna illa á almenningi.

NÍGERÍA, AP Hörð átök geisa nú í norðanverðri Nígeríu milli íslamskra uppreisnarmanna og stjórnarhersins. Átökin hafa kostað tugi manna lífið og þúsundir almennra borgara á svæðinu hafa flúið heimili sín.

Blaðamenn á svæðinu fullyrða að átökin hafi byrjað á sunnudag þegar hópur uppreisnarmanna réðst á lögreglustöð í Bauchi-héraði. Síðan hafi þeir ráðist á lögregluna í héruðunum Kanu, Yobe og Borno.

Umaru Yar'Adua, forseti landsins, sagði þetta ekki rétt, því stjórnarherinn hafi orðið fyrri til að gera árás á uppreisnarmennina, sem hafi verið að undirbúa árásir.

„Ég vil leggja áherslu á að þetta er ekki trúarbragðastríð og það var ekki talibanahópurinn sem réðst fyrst á öryggissveitirnar,“ sagði forsetinn í gær, áður en hann hélt í opinbera heimsókn til Brasilíu.

„Ástandið er viðráðanlegt,“ bætti hann við.



FÓRNARLÖMB ÁTAKA Mæður og börn þeirra leituðu skjóls í lögreglustöð í bænum Maiduguri eftir að herskár íslamistar tóku hóp bæjarbúa í gíslingu. NORDICPHOTOS/APF

Þrátt fyrir þetta hefur almenn-ingur orðið illa úti. Í gær höfðu meira en fjögur þúsund manns flúið að heiman, en nákvæmar tölur um mannfall liggja ekki fyrir. Þó er vitað að tugir manna hafa látist.

Við járnbrautarstöðina í

Maiduguri, sem er höfuðborg Borno-héraðs, segir fólk að skotbardagar hafi haldið fyrir því vöku alla nóttina. Þegar birta tók af degi streymdi fólk út úr húsum sínum með brýnustu nauðsynjar í farangrinum.

Á þriðjudag settu stjórnvöld

á útgöngubann að næturlagi, og síðan hafa hermenn verið á hverju götuhorni.

Samtökin, sem barist er við, ganga undir ýmsum nöfnum, meðal annars Al-Sunna wal Jamma, sem þýðir „Fylgismenn kenninga Múhameðs“, og Boko Haram, sem þýðir „Vestræn menntun er synd“.

Sumir ráðamenn í Nígeríu hafa kallað þau talibanasamtök, en ekki er vitað um nein tengsl þeirra við talibanahreyfinguna í Afganistan og Pakistan.

Stjórnmálaskýrendur segja óróleikann nú hafa átt sér nokkurra mánaða aðdraganda. Lögreglan hafi gert árásir á bæki-stöðvar hreyfingarinnar og fundið þar sprengiefni og vopn.

Óeirðir og átök milli trúarhópa og nágrannasamfélaga, meðal annars út af vatni og landsvæðadeilum, hafa brotist út reglulega í norðanverðri Nígeríu. Oft standa stjórnmálamenn og trúarleiðtogar á bak við slík átök.

gudsteinn@frettabladid.is

Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2009

Í samræmi við 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er hér með auglýst að álagningu opinberra gjalda og ákvörðun vaxtabóta og barnabóta, á árinu 2009 er lokið á einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla framangreindra laga.

Álagning gjalda á lögaðila mun liggja fyrir síðar og verður auglýst sérstaklega.

Álagningarskrár verða lagðar fram í öllum skattumdæmum fimmtudaginn 30. júlí 2009. Skrárnar liggja frammi til sýnis dagana 30. júlí til 13. ágúst 2009 (að báðum dögum meðtöldum) á skattstofu hvers skattumdæmis, hjá umboðsmanni skattstjóra eða á öðrum þeim stöðum í hverju sveitarfélagi sem sérstaklega hafa verið auglýstir.

Álagningarseðlar er sýna álögð opinber gjöld 2009, þ.m.t. tryggingagjald, vaxtabætur og barnabætur hafa verið póstagðir og/eða birtir á þjónustusiðu viðkomandi einstaklings á vef skattstjóra; skattur.is.

Kæurur vegna allra álagðra opinberra gjalda, sem tilkynnt hefur verið um með álagningar-seðli 2009, þurfa að hafa borist skattstjóra eigi síðar en mánudaginn 31. ágúst n.k.

30. júlí 2009

- Skattstjórnin í Reykjavík, Gestur Steinþórsson.
- Skattstjórnin í Vesturlandsumdæmi, Stefán Skjaldarson.
- Skattstjórnin í Vestfjarðumdæmi, Rósa Helga Ingólfssdóttir.
- Skattstjórnin í Norðurlandsumdæmi vestra, Hanna Björnsdóttir.
- Skattstjórnin í Norðurlandsumdæmi eystra, Gunnar Karlsson.
- Skattstjórnin í Austurlandsumdæmi, Karl S. Lauritzson.
- Skattstjórnin í Suðurlandsumdæmi, Steinþór Haraldsson.
- Skattstjórnin í Vestmannaeyjum, Ingi T. Björnsson.
- Skattstjórnin í Reykjanesumdæmi, Sigmundur Stefánsson.

VIÐBRÖGÐ VIÐ FYLGISKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið leitaði viðbragða forystufólks úr stjórnmálaflokkum við könnun sem birtist í blaðinu í gær.

Pakklát fyrir stuðninginn



Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar, segist pakklát fyrir stuðning við flokkinn, en hann eykst um eitt prósentustig frá kosningum.

„Þetta sýnir að við séum að gera rétta hluti og að fólk kunni að meta það,“ segir hún. Hún segir skiljanlegt að minnihluti þjóðarinnar styðji ríkisstjórnina, enda þurfi hún að taka margar erfiðar ákvarðanir, en hafi farist það fremur illa úr hendi.

Finnur meðþyr



„Ég get nú ekki séð annað en að fylgið tvöfaldist nú frá því í könnuninni 14. apríl og Fréttablaðið hefur nú sjaldan mælt Framsóknarflokkinn mjög háan í könnunum,“ segir Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, en flokkurinn mælist prósentustigi minni en í kosningum. Hann segist finna meðþyr með flokknum og málfutningi hans. Það sé oft svo að flokkurinn njóti í raun meira fylgis en mælist í könnunum.

Eins og við er að búast

„Þessi staða er kannski eins og við er að búast,“ segir Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sem mælist tæpu prósentustigi minni en í kosningunum. „Ríkisstjórnin stendur

í stórræðum og hreinsun og þrif hefur sjaldan verið vinsælt verk og ekki alltaf pakklát, nema þá þegar því er lokið,“ segir hann. Stjórnandstaðan tefli ekki fram neinum raunhæfum valkostum.



Mikið starf er eftir



„Við höfum lagt á það mikla áherslu að veita málefnalega stjórnarandstöðu og uppbyggingu og reynt að vanda okkur þannig að leggja þeim málum lið sem við teljum gagn að en um leið veita aðhald og halda ríkisstjórninni við efnið,“ segir Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sem bætur við sig tæpum sjö prósentustigum frá kosningum og mælist stærsti flokkurinn. Flokkurinn þurfi þó að leggja mikið á sig til að endurvinnna traust eftir afhroðið í kosningunum.

Þessi tími núna er erfiður



„Þessi tími núna er erfiður þannig að ég bjóst alveg við svona tölum og hefði jafnvel búist við verri niðurstöðum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, sem tapa um þremur prósentustigum frá kosningum. Evrópusambandsmálið og Icesave-málið hafi verið ríkisstjórninni og ekki síst Vinstri grænum erfið. - sh



+ fín í fríið

Í verslunum Lyfju er hægt að birgja sig upp fyrir ferðalagið. Kíktu við og gríptu vörur sem halda heilsunni góðri og útlitinu í lagi. Góða skemmtun í fríinu.

ISLENSKA SÍÐIS LYFJ 48853 07/09

20% afsláttur⁺

DR. FISCHER Feminine Intimate

Ofnæmisprófaðir blautklútar fyrir konur. Auka hreinlæti á blæðingum. Hreinsa, fríska og vernda ph-gildi húðarinnar.

Make-up remover

Ofnæmisprófaðir andlits- og augnhreinsklútar. Innihalda jurtir sem róa húðina.

Kids Hygienic Wipes

Ofnæmisprófaðir blautklútar fyrir andlit og hendur. Frískandi ávaxtailmur.



+ Gildir til 4. ágúst 2009.

brostu framan í sumarið

789 kr.

Tannhreisasett í ferðalagið
Tannbursti, tannkrem, munnskol.
Ekki gleyma tannþræðinum!



20% afsláttur⁺



TONI & GUY

Sjampó, næring og hármótunaryörur, 25, 50 og 75ml.
Passlega stórar pakkingar í ferðalagið.

+ Gildir til 4. ágúst 2009.



469 kr.

IBÚPRÓFEN 400 mg.



KÆLIR SIG Í GOSBRUNNI Ungur maður í borginni Portland í Oregon, Bandaríkjunum, brá á það ráð að halla sér upp að gosbrunni í miðbænum til að kæla sig í hitabylgjunni sem gengur yfir þar þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Væntingavísitala Gallup:

Svartsýni festir sig í sessi

EFNAHAGSMÁL Væntingar neytenda til efnahags- og atvinnulífsins drögust saman í júlí, þriðja mánuðinn í röð, samkvæmt væntingavísitölu Gallup.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að svo virðist sem svartsýni sé að festa sig í sessi á nýjan leik eftir tímabundinn bata síðustu þrjá mánuði. Vísitalan stendur nú í 20,9 stigum. Ef gildi vísitölunnar er 100 þá eru jafnmargir bjartsýnir og svartsýnir. Því lægri vísitala þeim mun svartsýnni er almenningur.

Vísitalan hefur undanfarna sautján mánuði verið undir 100 stigum en hún hefur einungis einu sinni verið lægri, í janúar síðastliðnum.

Vísitalan mældist hæst í maí árið 2007 en þá fór hún upp í 155 stig. -bpa

Gengið yfir hálendið á þrjátíu dögum

Sjö erlendir ferðamenn ásamt leiðsögumanni komu til byggða í Vík á þriðjudag eftir langt ferðalag um hálendi Íslands, lengstu skipulögðu gönguna sem boðið er upp á í sumar. Leiðsögumaður segir sterk vinabönd hafa myndast í ferðinni.

FERÐALÖG „Svona ferðalag tekur gríðarlega mikið á og ég er ekki frá því að ég hafi lést um fimm eða sex kíló á þessum þrjátíu dögum. En það er algjörlega þess virði. Reynslan er ótrúleg og það eru forréttindi að fá borgað fyrir að starfa við þetta,“ segir Róbert Þór Haraldsson hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Róbert kom til byggða á mánudag ásamt sjö erlendum ferðamönnum eftir þrjátíu daga langt ferðalag um hálendi Íslands.

Hópurinn lagði af stað frá Ásbyrgi í Öxarfirði hinn 29. júní síðastliðinn. Er hér um að ræða lengstu skipulögðu gönguna sem boðið er upp á hér á landi í sumar. Leið hópsins lá meðal annars upp í gegnum Jökulsárgljúfur, að Dettifossi, yfir að Kröflu, niður í Mývatnssveit, yfir Gæsavatnaleið, niður Vonarskarð og endaði í Vík eftir ferð yfir Mýrdalsjökul. Var gengið að meðaltali sjö til tíu klukkustundir á dag. Á leiðinni hvíldi hópurinn sig í fjóra daga. „Þetta er alls ekki stysta leiðin en alveg örugglega sú athyglisverðasta, enda ótal margt að sjá,“ segir Róbert.

Ferðamennirnir í hópnum eru frá Kanada, Bandaríkjunum, Noregi, Danmörku, Noregi, Belgíu og Frakklandi. „Á svona göngu er ekki um neitt annað að ræða en að spjalla saman og því myndast sterk vináttubönd. Það



SAMTAKA NÚ Sjö ferðalangar gengu alla þrjátíu dagana ásamt Róberti, en einnig var boðið upp á að ganga með hluta leiðarinnar. Hér sést hópurinn vaða yfir ána Sveðju, skammt frá Köldukvislarjökli. MYND/DAGNÝ INDRIBADÓTTIR

er alltaf happa og glappa hvernig svona hópar ná saman en í þetta sinn tókst það hreint ótrúlega vel. Hvort sem menn eru reyndir göngugarpar eða ekki, þá vaxa þeir á leiðinni og verða sterkari á eftir.“

Róbert segir þó afskaplega gott

að koma heim eftir slíka ferð. „Skiljanlega er fólkið þreytt. Á einum tímapunkti var búið að plástra sjö af tíu tám á konu sem gekk með okkur, en hún kvartaði aldrei og hélt ótraud áfram,“ segir Róbert Þór Haraldsson.

kjartan@frettabladid.is



UPPREISN Undanfarið hafa átök geislað í höfuðborginni. NORDICPHOTOS/AFP

Sómaliustjórn að falli komin:

Parf aðstoð til að halda velli

SÓMALÍA, AP Ahmedou Ould Abdallah, æðsti erindreki Sam-einuðu þjóðanna gagnvart Sómalíu, segir Sómaliustjórn á tímamótum og þurfi á erlendra aðstoð að halda, eigi hún að halda velli.

Tveir hópar íslamskra uppreisnarmanna vinna hörðum höndum að því að steypa stjórninni með vopnavaldi. „Meirihluti þjóðarinnar hafnar ofbeldi og þeim sem standa að því,“ sagði Abdallah á fundi í öryggisráðinu. „Þess vegna skiptir stuðningur alþjóðasamfélagsins máli.“ -gb

Microsoft og Yahoo:

Gegn Google

BANDARÍKIN Yahoo og Microsoft hafa hafið samstarf sem mun fela í sér að fyrirtækin muni vinna saman í samkeppni gegn Google í leitavélum á internetinu. Google er með um 65 prósentu markaðshlutdeild meðal netnotenda en Yahoo og Microsoft eru samlagt með um 30 prósent.

Samningurinn er til tíu ára og talið er að töluverðar uppsagnir séu fram undan hjá Yahoo sem hefur sýnt lítinn hagnað undanfarið. Microsoft hafði áður reynt að kaupa Yahoo en ekki náðst sættir um kaupverð. -bpa



Tónlist.is
Uppáhaldslög allra Íslendinga á Okr. í allt sumar*
á síminn.is

*Sumaraskrift að Tónlist.is stendur viðskiptavinum í Mitt Frelsi til boða án aukagjalds. Nánari skilmálar á www.tonlist.is.

**60 min/SMS á dag. Áfylling fyrir að lágmarki þúsund krónur virkjar tilboðið. Tilboðið gildir til 1. október 2009.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 8 **Velta:** 84,5 milljónir

OMX ÍSLAND 6
742,03 **-0,09%**

MESTA HÆKKUN

↑ **ICELANDAIR GROUP** 4,76%

MESTA LÆKKUN

↓ **XX ÖSSUR** -1,41%
-0,45%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 153,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 430,00 +0,00% ... Bakkavör 1,40 -1,41% ... Eik Banki 86,00 +0,00% ... Føroya Banki 120,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,40 +4,76% ... Marel Food Systems 50,50 +0,00% ... Össur 111,50 -0,45%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nagnar.is

Róbert kaupir lyfjafyrirtæki



FYRRUMSTJÓRI ACTAVIS Róbert Wessman kaupir lyfjafyrirtækið Alvogen.

og krefjandi verkefni og það er mjög ánægjulegt að nú sé búið að ganga frá fyrsta samningnum," segir Róbert.

Doug Drysdale verður áfram forstjóri Alvogen en hann hefur yfir tuttugu ára reynslu úr lyfjaiðnaði og var um árabil yfirmaður fyrirtækjakaupa hjá Actavis. Svafa Grönfeldt, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Actavis, mun ásamt Árna Harðarsyni, fyrrverandi lögfræðingi Actavis, setjast í stjórn Alvogen. Alvogen er bandarískt samheitalyfja-fyrirtæki með yfir 100 ára rekstrarsögu. Félagið sérhæfir sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja, sem eru flókin í þróun og framleiðslu.

85 milljarða kostnaður

Breskir bankar og fjármálastofnanir þurfa nú að greiða 406 milljónir punda eða um 85 milljarða króna í vaxtagjöld og kostnað sem til hafa fallið vegna uppgjörs banka sem orðið hafa gjaldþrota í Bretlandi á árinu. Hluti af þessum kostnaði er til kominn vegna þrota Kaupþing Singer og Friedlander og Landsbankans.

Fjármálastofnanirnar sem um ræðir eru kröfuhafar á bankana og fá fé greitt til baka árið 2012 miðað við það sem fæst greitt upp í kröfur. Gjöldin eru innheimt af breska fjármálaeftirlitinu sem greiddi innstæður til forgangskröfuhafa skömmu eftir gjaldþrot.

- bpa

- bpa

Íslenskt vatn í bandarísku flugi

Íslenski vatnsframleiðandinn Icelandic Glacial hefur gert samning við bandaríska flugfélagið AirTran Airways um að boðið verði upp á vatn í vélum á vegum flugfélagsins.

Í tilkynningu frá félaginu segir að vatnið muni verða um borð í yfir 700 ferðum á degi hverjum til 63 áfangastaða í Norður-Ameríku. Áður hafði Icelandic Glacial samið við Icelandair og viðskiptaflugfélagið Netjets Europe um að bjóða upp á vatn frá fyrirtækinu.

Haft er eftir Jóni Ólafssyni, stjórnarformanni og stofnanda Icelandic Glacial, að hann sé ákaflega ánægður með að samningar skuli hafa náðst við flugfélagið og að fyrirtækið sé stöðugt að leita eftir tækifærum til að auka dreif-



VERKSMÍÐJA Í ÖLFUSI Jón Ólafsson stofnandi og stjórnarformaður Icelandic Glacial er ákaflega ánægður með þennan samning við AirTran flugfélagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ingu Icelandic Glacial í Norður-Ameríku.

- bpa

Útsölur draga úr verðbólgu

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,17 prósent milli mánaða. Tölf mánaða verðbólga lækkaði hins vegar úr 12,2 prósentum niður í 11,3 prósent og má rekja það til þess að verðbólga jókst meira í júlímánuði fyrir ári en nú. Ef litið er til verðbólgu án kostnaðar vegna húsnæðis þá hefur verðbólga verið 16,4 prósent.

Sumarútsölur hafa mikil áhrif á verðið og lækkaði verð á fötum og skóm um 7,3 prósent auk þess sem kostnaður vegna húsnæðis lækkaði um 2,6 prósent. Bensín hækkaði um tæplega fimm prósent sem rekja má að öllu leyti til hækkunar bensín gjalds. Verð á nýjum bílum hækkaði um 3,4 prósent og húsgögn um 4,7 prósent.

Hækkunin var í samræni eða eilítið undir því sem greinendur gerðu ráð fyrir. Greining Íslandsbanka gerði til að mynda ráð fyrir 0,2 prósentustiga breytingu, IFS



ÚTSÖLUR Á LAUGAVEGINUM Verðbólga hækkaði í takt við væntingar í júlímánuði. Útsölur og lækkun á kostnaði vegna húsnæðis drógu umtalsvert úr hækkun vísitölu neysluverðs að þessu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

greining um 0,2 til 0,4 og Landsbankinn 0,4 prósentustigs breytingu á vísitölu neysluverðs.

IFS greining gerir ráð fyrir að hækkun á vísitölu neysluverðs nemi

einu prósentustigi í næsta mánuði. Ástæður þess eru taldar áhrif frá útsölum muni ganga til baka auk þess sem mjólk mun hækka um 3,5 prósent í byrjun ágúst.

- bpa

800 7000 • siminn.is

Meira Frelsi

0 kr. innan kerfis um helgar í sumar

Fylltu á Frelsið í gegnum Mitt Frelsi og hringdu svo eða sendu SMS innan kerfis um helgar í mánuð á eftir án þess að borga krónu.

Þú talar auðvitað áfram við vini þína innan eða utan kerfis - við fjölgum bara vinunum um helgar.**

NETIÐ Í SÍMANUM FYLGIR FRELSINU!

Ef þú átt Frelsisnúmer ferðu á netið í símanum í sumar fyrir 0 kr. aukalega.

Það er Síminn

„ORÐRÉTT“

Stöðvum stereótýpur

„Einnig kemur áhugi keppendanna á þáttunum „How to Look Good Naked“ sér vel, því við erum svo fáklædd hérna í lauginni.“

JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON KEPPIR FYRIR HÖND ÍSLANDS Á OUT-GAMES, ÓLYMPIULEIKUM SAMKYNHNEIGÐRA, Í KAUPMANNAHÖFN. Fréttablaðið, 29. júlí

Margur heldur mig sig

„Með umfjöllun sinni hafa sameinaðar fréttastofur Stöðvar 2 og Vísir vegið alvarlega að heiðri mínum...“

KARL WERNERSSON HYGGST FARA Í MEIÐYRÐAMÁL VIÐ FRÉTTASTOFUR STÖÐVAR 2 OG VÍSIR. Vísir.is, 29. júlí

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? SALOME HALLFREÐSDÓTTIR, NEMI OG STARFSMAÐUR FARFUGLA

Á leiðinni til Lundar í haust

„Það hefur verið brjálað að gera í vinnunni í allt sumar og það er bara hið besta mál. Það er skemmtilegra að hafa mikið að gera en ekki neitt,“ segir Salome Hallfreðsdóttir, starfsmaður á aðalskrifstofu Bandalags íslenskra farfugla. Bandalagið er hluti af Hostelling International, alþjóðlegri keðju farfuglaheimila sem starfar í niúti löndum um allan heim.

Að sögn Salome hefur orðið hátt í 300 prósentu aukningu gesta á farfuglaheimilum Bandalagsins síðan síðasta sumar. „Þetta er gríðarleg fjölgun og helst líklega í hendur við þá staðreynd að við höfum ekki breytt verðinu yfir í evrur, eins og hefur tíðkast víða annars staðar, og ekki



hækkað verðið síðan í fyrra. Það eru aðallega útlendingar sem nýta sér þessa gistingu, og oft finnst mér eins og Íslendingar viti ekki nægilega vel af þessum möguleika.“

Salome er að ljúka diplómanámi í ferðamálafræði. Í haust flytur hún ásamt fjölskyldu til Lundar í Svíþjóð, þar sem hún hyggst hefja meistaranám í umhverfis- og ferðamálafræði. „Ég hef aldrei komið til Lundar, en maðurinn minn bjó þar sem barn og gefur staðnum hæstu einkunn. Ég bjó reyndar í Stokkhólmum um hríð og kunnir vel við mig þar. Borgin er mjög falleg, þar er mikið lagt upp úr grænum svæðum og fólkið upp til hópa vingjarnlegt,“ segir Salome Hallfreðsdóttir.

FRÓÐLEIKUR

FISKUR ÚR SJÓ

■ Íslenskir sjómenn eru um 4.500 talsins og veiða um milljón tonn af fiski á ári. Alls eru um 35 milljónir jarðarbúa sjómenn og árlegur heildarflúi þeirra er ríflega 90 milljónir tonna. Að auki starfa um 8 milljónir jarðarbúa við fiskeldi og afrakstur þess er um fimmtíu milljónir tonna. Samtals eru þetta rúmlega 140 milljónir tonna af fiski, en aðeins 110 milljón tonn fara ofan í maga jarðarbúa.



Segir frelsi viljans ekki til hjá huldufólki

Svisslendingurinn Christopher Vesey er kominn til Íslands að flytja fyrirlestur um álfa og aðrar náttúruverur. Hann er sérlega spenntur fyrir að sjá staði á Íslandi þar sem vegir hafa verið lagðir fram hjá álfabyggðum.

„Ef einhverjum í Sviss dytti í hug að setjast niður á fundi með stjórnvöldum til að ræða hvar mætti leggja vegi og hvar ekki til að forðast álfabyggðir, þá væri hann lagður inn á stofnun,“ segir Christopher Vesey, svissneskur álfafræðingur sem kominn er í heimsókn hingað til lands.

Hann var ekki lengi að ákveða að koma hingað þegar vinur hans og félagi, Christof Leuze, sagði honum frá skoðanakönnun, þar sem fram kom að heil 54 prósent Íslendinga sögðust trú á álfa.

„Ég er mjög spenntur fyrir því að sjá vegi sem hafa verið lagðir í króka fram hjá álfabyggðum,“ segir Vesey.

Sjálfur sér Vesey enga álfa, en hefur rannsakað efnið og skrifað um það lærdar bækur. Niðurstöður sínar ætla hann að kynna í fyrirlestri í Háskóla Íslands í dag.

En hvernig svarar hann efasemdarmönnum, á borð við undirritaðan blaðamann Fréttablaðsins, sem eiga vægast sagt erfitt með að kyngja álfasögum?

„Ég held að það sé mjög erfitt fyrir fólk, sem aldrei hefur hitt neinn sem sér álfa, að leggja trúnað á þetta. En það er með þetta eins og annað sem menn eiga erfitt með að skilja, að það þarf bara að sýna þolinmæði og ræða hlutina.“

Reyndar leggur Vesey mikið upp úr því, að röklegt sambengi sé í hugmyndum fólks um álfa og aðrar náttúruverur. „Það er ekki nóg að fullyrða bara, menn verða að skilja sambengi hlutanna.“

Vesey segir fjölmargar tegundir



HULDUHÓLL Við bæinn Akbraut í Rangárvallarsýslu stendur Hulduhóll. Landsvirkjun hætti við að reisa hús við hólinn þegar í ljós kom að sögur voru til um að þar byggji huldufólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



CHRISTOPHER VESEY Telur að mismunandi útgeislun blóðsins geri sumu fólki kleift að ná tengslum við álfaheiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

til af álfum og öðrum verum, sem hann vill kalla náttúruverur. Munurinn á mönnum og náttúruverum er ekki aðeins sá að menn eru líkamlegar verur en náttúruverurnar ósýnilegar flestu fólki. Munurinn er einnig fólgin í því að menn eru andlegar verur með frjálsan vilja, en náttúruverurnar hafa ekki frjálsan vilja heldur verða að hlíta

lögmaum náttúrunnar, eða vilja Guðs eins og Leuze orðar það.

„Þær hafa allar ákveðin hlutverk í náttúrunni,“ segir Vesey, „sumar stjórna í steinaríkinu, aðrar sérhæfa sig til dæmis í blómum eða jurtum, og svo framvegis. Allar þurfa þær að sinna sínu sviði í sambhengi náttúrunnar.“

Ástæðuna fyrir því að sumt fólk er gætt hæfileika til að sjá þessar annars ósýnilegu náttúruverur er, að mati Vesey, að finna í blóðinu, þessum dularfulla vökva sem hefur frá örófi alda snert viðkvæmar taugar djúpt í huga fólks.

„Efnasamsetning blóðsins er mismunandi í fólki og þar af leiðandi er útgeislun blóðsins mismunandi. Þegar útgeislunin er með ákveðnum hætti þá myndast sambandið við náttúruverurnar.“

Áhugasamir jafnt sem forviða lesendur geta síðan heyrt nánari útlistanir í stofu 201 í Odda klukkán fimm síðdegis.

gudsteinn@frettabladid.is



VELDU ÚR 13 TEGUNDUM Í NÆSTU BÚÐ

SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGÐ ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ



SÓMI

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Kajakræðarinn Gísli Friðgeirsson rær umhverfis landið:

Hefst ef maður heldur áfram

Gísli Friðgeirsson kajakræðari rær nú umhverfis landið. Hann lagði af stað frá Geldinganesi þann 1. júní og gerir ráð fyrir því að klára ferð sína á mánu dagskvöld ef veður leyfir.

Gísli var nýkominn til Vestmannaeyja þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Suðurströndin er mjög erfið og krefjandi og þess vegna er mjög gott að geta komið til Vestmannaeyja á þeirri leið. Auk þess bjó ég í Eyjum í tíu ár og þykir alltaf gott að koma hingað,“ segir Gísli. Hann segir ferðina hafa að mestu leyti gengið vel. „Ég hef hugað vel að veðri og fengið góð ráð bæði frá félögum og fólki á hverjum stað. Ég hef heldur ekkert farið mér óðslega svo þetta hefur gengið vel en stundum hefur þetta verið erfitt. Það er mjög gaman að skoða landið svona.“

Minn boðskapur er bara sá að gefast ekki upp þó að verið sé að fást við erfið mál, hvort sem við erum að tala um svona róður eða kreppu í fjármálum. Þetta hefst allt ef maður heldur áfram.“

- þeb



GÍSLI Gísli kom að í Vestmannaeyjahöfn um miðjan dag í gær. Hann hafði hug á að halda leið sinni áfram nú í morgun ef veður leyfði. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍDRÍKSSON



Landsleikurinn

SUMARIÐ 2009



Stimplaðu þig inn í sumarið með N1

Taktu þátt í skemmtilegum leik á ferðalaginu í sumar. Safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt hjá þjónustustöðvum N1 um land allt, lærðu meira um landið þitt og fáðu skemmtileg verðlaun. Þú skilar svo inn fullstimpluðu Vegabréfi og átt kost á glæsilegum vinningi! Vertu með. Stimplaðu þig inn í sumarið með N1!

NÁÐU ÞÉR Í VEGABRÉF Á NÆSTU ÞJÓNUSTU-STÖÐ N1



170 VINNINGAR!

Gjafir fyrir duglega stimplasafnara

Fjöldi glæsilegra vinninga **1x**

FERÐ INNANLANDS FYRIR FJÖLSKYLDUNA
Ferð fyrir 4: Flug, gisting, miðar í leikhús, gjafabréf út að borða, afnot af bílaleigubíl frá Avis og skotsilfur. (Akureyri/Reykjavík)

3x

PLAYSTATION 3
leikjatölva

3x

GARMIN
staðsetningartæki í bílinn með Íslandskorti

3x

SEG DVD
ferðaspilari með 7" skjá

10x

KODAK EASY SHARE
myndavél

10x

BROIL KING PORTA-CHEF
ferðagasgrill

10x

N1 INNKORT
10.000 kr.

10x

FJÖLSKYLDU-ÁRSKORT
í Fjölskyldu og húsdýragarðinn

10x

FERÐASPIL
Spurt að leikslökum

10x

Serrano
FJÖLSKYLDUMÁLTÍÐ á Serrano

100x

BÍÓMIÐAR
fyrir 2 í Sambíóin

**ÓDÝRT Í
HAGKAUÐ**

**ÓDÝRT Í
HAGKAUÐ**



KJÖRFUGL
KJÚKLINGABRINGUR
1.649 kr/kg
Merkt verð 2.199.-



2.398 kr/kg
Merkt verð 2.998.-



1.949 kr/kg
Merkt verð 2.998.-



1.999 kr/kg
Verð áður 2.599.-



679 kr/2stk.

Kjúklingapinnar
BBQ

Kjúklingafille
ferskt

Nauta rumpsteikur
frosnar

Kjúklingavængir í fötu
800g - 2 tegundir

*Nordic Deli
gæða samlokar*



NÓA NAMMI
150GR
159 kr/stk.



MYLLU
SKÚFFUKÓKUR
379 kr/stk.



MS
KÓKÓMJÓLK
10%
afsláttur v/kassa



KEXSMÍÐJAN
SNÚÐAR
399 kr/pk.



CAJ'P GRILLSÓSUR
VERÐ FRÁ
299 kr/stk.



BUBBLICIOUS
KÚLUTYGGJÓ
129 kr/stk.



Gildir til 3. ágúst á meðan birgðir endast.

FBL-GREINING: SKILANEFNDIR BANKANNA OG KRÖFUHAFAR

Starfa fyrir kröfuhafa

Skilanevndir bankanna starfa að því að verja hagsmuni þeirra sem áttu kröfu á gömlu bankana sem voru teknir yfir af ríkinu síðastliðið haust, svokallaða kröfuhafa. Skilanevndirnar starfa því fyrir kröfuhafa gömlu bankanna en ekki íslenska ríkið. Skilanevndirnar eru sjálfstæðar og reyna að hámarka virði þeirra eigna sem hinn gjaldþrota banki á. Þær starfa fyrir alla kröfuhafa gömlu bankanna þrátt fyrir að vita ekki nákvæmlega hverjir þeir eru á þessari stundu.

Í samkomulagi stjórnvalda og skilanevnda, sem kynnt var nýlega, fólst að kröfuhöfum Glitnis og Kaupþings er gefinn kostur á að eignast nýju bankana, Íslandsbanka og Nýja Kaupþing. Skilanevndirnar koma því til með að ákveða fyrir hönd kröfuhafa hvort af kaupnum verður en líklegt má telja að samráð verði þó haft við stærri kröfuhafa um það. Skilanevndirnar voru skipaðar af Íslenska Fjármálaeftirlitinu (FME) í október síðastliðnum og eru skipaðar fjórum til fimm einstaklingum sem hafa aðallega menntun í lögræði, endurskoðun og hagfræði.

■ eru einstaklingar kröfuhafar á bankana?

Kröfuhafar eru allir þeir sem lánuðu fé til bankanna þriggja fyrir fall. Hægt er að lána fé til banka í margvíslegu formi. Einstaklingar sem vilja ávaxta fé sitt í bönkum og eiga innstæður (fé sem einstaklinga leggja inn í banka) eru að lána bönkunum fé. Eftir fall bankanna þriggja þá voru innstæður einstaklinga færðar yfir í nýju bankanna, Nýja Kaupþing, Landsbankann og Íslandsbanka. Þar af leiðandi eiga einstaklingar ekki kröfu á gömlu bankana vegna innstæðna heldur eiga þeir kröfu á nýju bankana sem er ekkert annað en innstæða þeirra í nýju bönkunum sem þeir geta nálgast hverju sinni.

Allir þeir sem áttu kröfu á bankana við fall þeirra gætu verið kröfuhafar. Því gæti samlokusalinn í Víðey sem seldi einum bankanna bakka af samlokum verið kröfuhafi eða einhver sem tók að sér að slá gras fyrir utan bankana og var ekki búinn að fá greitt verið kröfuhafi. Afar ólíklegt er hins vegar að kröfur sem þessar nemi miklum fjárhæðum.

■ Hverjir eru stærstu kröfuhafarnir?

Töluverður hluti af fjármögnun íslensku bankanna var fólgin í sölu á skuldabréfum. Bankar gefa gjarnan út skuldabréf sem fjárfestar kaupa gegn því að fá ákveðna ávöxtun. Þegar fjárfestar kaupa slík bréf eru þeir að lána bönkunum fé.

Við fall bankanna fengu þessir eigendur skuldabréfa ekki fé sitt greitt og eru þessir handhafar skuldabréfa því kröfuhafar á gömlu bankana. Þrátt fyrir að íslensku bankarnir séu gjaldþrota eru skuldabréfin að ganga kaupum og sölum.

Heyrst hafa fregnir af því að skuldabréfin hafi verið seld til vogunarsjóða eða annarra fjármálastofnana. Slík viðskipti með „kröfur“ eru algeng og ekki óeðlileg. Sem dæmi ef banki A ákveð að kaupa skuldabréf af íslenskum banka fyrir fallið að nafnvirði 100 milljónir króna þá getur hann reynt að selja þessa kröfu til annars banka, banka B, sem er reiðubúinn að greiða 10 milljónir fyrir þessa kröfu. Nauðsynlegt er að veita afslátt af upphaflegri kröfu þar sem ljóst þykir eftir fall banka að ekki muni fást nægilega mikið fyrir allar eignir bankans til að greiða skuldir að fullu. Þeir sem kaupa kröfuna af hinum upphaflega kröfuhafa eru nú kröfuhafar á gömlu bankana og gætu orðið eigendur að nýju bönkunum fari svo að kröfuhafar eignist þá.

Talið er að stærstu kröfuhafar Glitnis og Kaupþings séu stórir evrópskir og bandarískir bankar. Hins vegar má telja líklegt að íslenskir aðilar séu á meðal kröfuhafa svo sem lifeyrissjóðir eða aðrar stórar innlendir stofnanir eða fyrirtæki. Ekki hefur verið gefið upp hverjir kröfuhafarnir eru vegna bankaleyndar. Stærstu kröfuhafar Landsbankans eru hins vegar breska og hollenska ríkið auk sveitarfélaga í fyrrgreindum löndum.



**FISKBÚÐIN
HAFBERG**

Gnoðarvogi 44,
s. 588 8686.

**GLÆNÝ LÚÐA
VILLTUR LAX
STÓR HUMAR**

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

**Blaðberinn
bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...þóðar fréttir fyrir umhverfið

FRÉTTASKÝRING: Arðsemi íslenskra orkufyrirtækja

Lítill arður af orkunni

Arðsemi íslenskra orkufyrirtækja er minni en sambærilegra fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum. Vægi stóriðju í hreinum þjóðartekjum nam tveimur prósentum í fyrra. Kostnaður vegna kolefniskvóta mun draga enn frekar úr arðsemi og þá verður að meta náttúrukostnað, sem geri framkvæmdirnar óhagkvæmari en ella.

Arðsemi íslenskra orkufyrirtækja er talsvert lakari en orkufyrirtækja í Bandaríkjunum og Evrópu. Þetta kemur fram í áfanga-skýrslu um arðsemi orkusölu til stóriðju, sem fyrirtækið Sjónar-rönd ehf. vann fyrir fjármála-ráðuneytið. Skoðað var tímabilið frá 2000 og þá var arðsemi eftir skatta af fjármagni bundnu í orkuvinnslu og dreifingu 10,8 prósent í Bandaríkjunum og um 7 prósent í Evrópu. Á Íslandi nam arðsemin 2,4 prósentum.

Séu fjárfestingar í orkufyrirtækjum hér bornar saman við aðra geira atvinnulífsins, kemur einnig í ljós að arðsemi þar er mun minni. Að jafnaði er arðsemi orkufyrirtækjanna 54 til 55 prósentum minni en arðsemi annarra atvinnugreina, eftir því hvort stóriðja er talin með eða ekki.

Skýrsluhöfundar taka þó fram að ýmsa fyrirvara megji gera við þessa greiningu. Þar sem orkufyrirtækin eru að mestu leyti í opinberri eigu sé orkan ekki endilega verðlögð með það að markmiði að hámarka hagnað. Önnur sjónarmið geti ráðið verðinu. Þá voru orkufyrirtækin ekki aðgreind með tilliti til þess hvers konar mörkuðum þau þjóna.

Heildarniðurstaðan er engu að síður sú að arðsemi íslenskra orkufyrirtækja er mjög fjarri því að standast þá kröfu sem gerð er til slíkra fyrirtækja á bandarískum markaði og er umtalsvert lægri en í Evrópu.

Svo til öll orka á Íslandi er framleidd með vatns- eða gufuafli. Í ljósi arðsemistalna er áhugavert að skoða að í Bandaríkjunum er stærstur hluti orkunnar framleiddur með kolum, 49 prósent, en aðeins tæplega 7 prósent með vatnsafli. Í Evrópusambandinu er um helmingur raforku framleiddur með kolum, olíu og jarðgasi, en um 15 prósent með öðrum orkugjöfum, svo sem vatns- og vindorku.

Óhentugar tímasetningar

Árið 2008 var vægi stóriðju í hreinum þjóðartekjum um tvö prósent. Skatttekjur af málmframleiðslu sveiflast nokkuð, voru 765 milljónir króna, eða 0,14



KÁRAHNJÚKAR Kárahnjúkavirkjun er ein af þeim framkvæmdum sem farið hefur verið í undanfarið til að selja orku til stóriðju.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

prósent af tekjum hins opinbera, árið 2005. Árið eftir námu þær 2,4 milljörðum, 0,43 prósentum af tekjum hins opinbera.

Vægi stóriðju í hagkerfinu jókst mjög árið 2008, þegar ný álver tóku til starfa. Álverð fór hækkandi og orkuverð þar með, enda er það bundið álverðinu. Álverð tók hins vegar dýfu og í júní 2009 var verð á áli og rafmagni frá stóriðju rétt rúmur helmingur þess sem það var í sama mánuði árið 2008.

Skýrsluhöfundar segja að stóriðjuframkvæmdir síðustu ára hafi komið á óhentugum tíma og ýtt undir þenslu þegar þess var síst þörf. Stækkun álvers í Straumsvík og smíði álvers á Grundartanga hafi verið á hentugum tíma, aðrar ekki síðustu árin.

Meðallaun í stóriðju eru umtalsvert hærrí en annars staðar og munur á þeim og í öðrum geirum er ávinningur fyrir Íslendinga.

Kolefni og náttúra

Hingað til hefur kostnaður við náttúruna ekki verið tilgreindur þegar kemur að virkjanaframkvæmdum. Nú verður hins vegar breyting þar á og mun það auka kostnaðinn umtalsvert. Hefðbundnir arðsemisreikningar taka ekki tillit til umhverfisspjalla og segja skýrsluhöfundar að af þeim

sökum sé hætt við að ráðist sé í framkvæmdir sem eru arðvænlegar fyrir framkvæmdaaðilann, en í raun þjóðhagslega óhagkvæmar að teknu tilliti til skerðingar náttúrugæða.

Kyoto-samningurinn setur hömlur á útblástur gróðurhúsalofttegunda. Ísland hefur heimild til að losa að jafnaði 3,7 milljónir tonna af koldíoxíðs-ígildum á ári og átta tonn árlega frá 2008 til 2012 vegna ýrra stóriðjuverkefna, vegna íslenska ákvæðisins. Óvíst er hvort þær heimildir verða endurnýjaðar.

Óljóst er hver kostnaður verður við losunarkvóta, en 300 þúsund tonna álbræðsla (álver Norð-uráls í Hvalfirði framleiðir nú 270 þúsund tonn svo dæmi sé tekið), sem kaupir allar losunheimildir á markaði í Evrópusambandinu gæti þurft að greiða 1,4 milljarða króna á ári. Þó er allsends óvíst hve miklar heimildir fyrirtækin þurfa að kaupa.

Reiknað er með að endanlegri skýrslu verði skilað á þessu ári. Ekki hefur áður verið ráðist í jafn ítarlega úttekt.



FRÉTTASKÝRING

KOLBEINN
ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

NÁTTÚRUKOSTNAÐURINN HÁR

Þorsteinn Siglaugsson, einn skýrsluhöfunda, segir að sér hafi komið á óvart hve tiltölulega lítið þarf til varðandi verðmæti náttúrugæða til þess að náttúrukostnaður vegi á móti hagnaði. Náttúrugæði eru metin með því að kanna það hve fólk er reiðubúið að greiða mikið til að viðhalda einhverjum náttúrugæðum.

Dæmi um náttúrugæði eru útsýni, hreinleiki og heilnæmi lofts og vatns, veðurlag, kyrrð, landrymi, gróðurfar, dýralíf og lífríki.

Þorsteinn segir að miðað við að hver fjölskylda sé tilbúin til að greiða 8 þúsund krónur fyrir ákveðin náttúrugæði, sé búið að núlla út arðsemi 14



ÞORSTEINN
SIGLAUGSSON

milljarða króna framkvæmdar.

Hvað lága arðsemi íslenskra orkufyrirtækja samanborið við evrópsk og bandarísk varðar, segir Þorsteinn að skýrslan bendi bara á staðreyndina, en finni ekki orsökina. Hann bendir þó á að verði sé haldið niðri að einhverju leyti, þar sem fyrirtækin séu í eigu hins opinbera. Þá gæti önnur skýring verið sú að orka til stóriðju sé seld of lágu verði.

„Greinin stendur sig hins vegar ekki eins vel og hún ætti að gera. Hún stendur sig verr en aðrar íslenskar atvinnugreinar og verr en sambærileg fyrirtæki erlendis. Arðsemin í þessum rekstri er ekki mikil.“

MEIRA GAGNSÆI Í RAFORKUVERÐ

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir unnið að því innan ráðuneytisins að auka gagnsæi hvað varðar raforkuverð. Ákvæði um það eru í stjórnarsáttmálanum og Katrín segir að vinnunni ljúki á næstu vikum. Þá sé verið að vinna að rammalöggjöf um ívilnanir á milli nokkurra ráðuneyta.

„Gagnsæi í raforkuverði er liður í að gera Ísland að aðlaðandi fjárfestingarkosti. Þá er verið að vinna að rammalöggjöf um ívilnanir,

í stað þess að gera sérstaka samninga um hverja fjárfestingu. Þetta gerir okkur meira aðlaðandi, því meira sem menn vita fyrirfram því betra.

Katrín fagnar skýrslunni og segir hana mikilvægt innlegg í málaflökinn. „Þetta er mjög mikilvægt, enda um mikla hagsmuni að ræða til framtíðar. Við verðum að þekkja arðsemina og hvort hún sé næg og hvort við getum gert betur.“



KATRÍN
JÚLÍUSDÓTTIR

Gleðilegt sumar



úr
kjötbordi

Svínahnakki úrb.
998,kr./kg
verð áður 1.498,-/kg



úr
kjötbordi

Lambafille m/fitu
2.998,kr./kg
verð áður 3.498,-/kg



Grillaður kjúklingur
748,kr./stk.
verð áður 890,-/stk.



Móa kjúklingafille
1.852,kr./kg
verð áður 2.849,-/kg



FK Vínarpylsur
558,kr./kg
verð áður 698,-/kg



Fjallalamb skyndigrill
2.077,kr./kg
verð áður 2.769,-/kg



Caj P's lambalærisneiðar
2.158,kr./kg
verð áður 2.698,-/kg



Grískar grísa-sneiðar
1.430,kr./kg
verð áður 1.788,-/kg



Ali hunangmarineraðar
Svínakótilettur
1.924,kr./kg
verð áður 2.565,-/kg



FK lambalærisneiðar
1.897,kr./kg
verð áður 2.476,-/kg



Vilkó vöflur
499,kr.



Emmess Topp 5
1.998,kr.



Doritos-snakk
298,kr.



Hamburgarar
2x115g m/brauði
298,kr./pk.
verð áður 398,-/pk.



Myllu kanilsnúðar
260 g
279,kr.



Pepsi/pepsi max eða appelsín
500 ml
79,kr./dósin

Nú er sumar í Fjarðarkaupum

Fylltu út þáttökuseðil þegar þú verstar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þáttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.



Tilboð gilda til föstudagsins 31. júlí
Lokað laugardag, sunnudag og mánudag vegna verslunarmannahelgar

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

FK
FJARÐARKAUP

Meirihluti þjóðarinnar er fylgjandi aðildarviðræðum við Evrópusambandið:

Samhljómur milli þjóðar og stjórnar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Atkvæðagreiðsla Alþingis á dögunum um aðildarviðræður við Evrópusambandið er ein þeirra spennuþrungnu stunda þegar þjóðin sameinast fyrir framan sjónvarpið og ýmist þegir, sýpur hveljur eða skiptist á skoðunum um það sem fram fer. Enda var þingið að taka mikla og afdrifaríka ákvörðun sem mun hafa veruleg áhrif á líf og kjör þjóðarinnar.

Spennan stafaði þó ekki síður af því að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var ekki fyrirfram gefin, þrátt fyrir samkomulag ríkisstjórnarflokkanna um að umsókn um aðild að Evrópusambandinu væri ofarlega á verkefnaskránni.

Ljóst var að þorri þeirra þingmanna sem höfðu skoðanir andstætt útgefni flokkslínu myndi ekki greiða atkvæði í samræmi við sannfæringu sína heldur í samræmi við flokkslínu. Formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks höfðu í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar farið mikinn um skoðanakúgun sem átt hefði sér stað hjá Vinstri grænum. Í ljós kom að flokksaginn reyndist ekki síður skilvirkur í herbúðum stjórnarandstöðunnar. Þingmenn hennar hefðu þó átt að hafa frjáltsari hendur þar sem flokkar þeirra höfðu ekki undirgengist samkomulag eins og Vinstrihreyfingin grænt framboð gerði vissulega þegar hún gekk til ríkisstjórnar-samstarfsins. Eftirtektavert er þó að enn er enginn þingmaður Vinstri grænna kominn út úr skápnun sem stuðningsmaður aðildar þótt átta þingmenn hafi greitt atkvæði með aðildarviðræðum.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins sem tekin var á þriðjudagskvöld sýnir að meirihluti þjóðarinnar styður aðildarumsóknina sem í kjölfar atkvæðagreiðslunnar var skilað inn í vikunni sem leið. Samkvæmt könnuninni styðja tæp 59 prósent landsmanna aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Mesta athygli vekur að nærri 57 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Vinstrihreyfinguna grænt framboð, ef gengið yrði til kosninga nú, eru hlynntir aðildarviðræðunum og er hlutfall stuðningsmanna aðildarviðræðna næsthæst meðal stuðningsmanna VG.

Stuðningurinn var, eins og við mátti búast, mestur meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna, eða tæplega 90 prósent. Meirihluti stuðningsmanna beggja flokka sem ríkisstjórnina skipa styðja því aðildarviðræðum.

Einnig vekur athygli að fylgi við aðildarviðræður er ekki nema rúm 39 prósent meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins í könnuninni en sá flokkur hefur, utan Samfylkingar, gengið lengst í að álykta með Evrópusambandsaðild. Hlutfall stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins sem hlynntir eru aðild er hærra eða líðlega 46 prósent. Þessi hópur á einn fullrúa í þingliði Sjálfstæðisflokksins, Ragnheiði Ríkarösdóttur.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu er eitt af stóru málum ríkisstjórnarinnar. Af könnun Fréttablaðsins má sjá að um það málefni ríkir samhljómur milli þjóðar og ríkisstjórnar. Þeim stuðningi getur ríkisstjórnin fagnað þrátt fyrir að fylgi hennar, samkvæmt sömu skoðanakönnun, nemi 43 prósentum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnisblaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

JOINT Z460

EIGUM EINN BÍL EFTIR

Fullt verð kr. 9.950.000,-

Tilboð kr. 7.890.000,-

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is



2.060.000,-kr.

AFSLÁTTUR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ólík örlög skattakóna

Margir iða eflaust í skinninu af spenningu yfir upplýsingunum um skattakóna landsins sem verða opinberaðar síðar í dag. Það er því kannski ekki úr vegi, svona rétt til upphitunar, að rífa upp nokkur nöfn sem finna mátti á listunum í fyrra, og hafa síðan verið nokkuð áberandi í umræðunni. Fyrstan má nefna Róbert Wessman, fyrrverandi forstjóra Actavis, og Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, sem vermdu annað og þriðja sætið í Reykjavík. Öðrum þeirra hefur vegnað bærillega síðan, og virðist enn í útrás ef marka má nýjustu fréttir af kaupum hans í bandarísku

lyfjafyrirtæki. Hinn er í annars konar útrás - en hann er að flytjast til Lúxemborgar.

Auðugur Stím-stjóri

Annað nafn sem vekur athygli er Jakob Valgeir Flosason, stjórnarformaður huldufélagsins Stíms, sem sætti rannsókn hjá Fjármálaeftirlitinu vegna gruns um markaðsmisnotkun og liggur nú á borði ákærvaldsins. Hann var þriðji á lista á Vestfjörðum fyrir ári. Mál Stíms komst í hárnæli þegar fréttist að félagið væri í meirihlutaeigu Glitnis og hefði fengið stærðarinnar lán hjá Glitni til að kaupa hlutabréf í Glitni. Félagið var skráð til heimilis í sama húsi og fjárfestingarbankinn Saga Capital, en forstjóri

hans, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, vermdi einmitt efsta sæti listans á Norðurlandi eystra í fyrra.

Lögreglan bankar upp á

Þá má einnig finna á listunum auðmennina Magnús Kristinsson, kvátakóng frá Vestmannaeyjum, og Ólaf Ólafsson, kenndan við Samskip. Magnús neyddist til að setja þýrluna sína á sölu skómmu eftir hrun og Ólafur Ólafsson hefur þurft að taka á móti lögreglumönnum á heimili sínu, en þar leituðu þeir gagna um grunsamleg milljarðakaup katarska sjeksins Al-Thani í Kaupþingi í september. Hvernig skyldi þessum mönnum hafa reitt af, fjárhagslega, á undanfögnu ári? stigur@frettabladid.is



Tónlist og líf þjóðar

Brasíla er mér vitanlega eina land heimsins, þar sem alþjóðaflugvöllur heitir í höfuðið á tónskáldi. Flugvöllurinn í Ríó de Janeiro er kenndur við bossanóvákónginn Tom Jobim. Hann samdi Stúlkán frá Ípanema og Desafinado (Röng tóntegund), svo að tvö af þekktustu lögum hans séu nefnd. Og hvað með það? - spyrð þú. Brasilíumenn taka tónlist alvarlega, mjög alvarlega. Brasíla var - nú ætla ég að nota efsta stig - mesta veldi heimsins í alþjóðtónlist á 20. öld frá mínum bæjardyrum séð, stóð feti framfar Bandaríkjunum, og stendur enn. Heitor Villa-Lobos (1887-1959), fremsta tónskáld landsins fyrr og síðar, lagði línurnar. Yngri menn stóðu á öxlum hans.

Gömul tónlistarmening Brasilíu er samofin litríku lífinu um þetta mikla land, sem er stærra að flatarmáli en meginland Bandaríkjanna að Alaska undanskildu. Brasíla er bræðslupottur margra kynþátta og þjóða líkt og Bandaríkin. Löndin „fundust“ um svipad leyti, Bandaríkin 1492 og Brasilía 22. apríl 1500; dagsetningin vitnar um ríka þjóðarvitund (ég segi erlendum vinum mínum, að Ingólfur Arnarson hafi numið land í Reykjavík 874 kl. 9). Brasilía var lengi fram eftir 20. öldinni kölluð land framtíðarinnar. Þangað fór austurríski rithöfundurinn Stefan Zweig ásamt konu sinni eftir að hafa í annað sinn tapað öllu í heimalandi sínu af völdum ofríðra. Hann skrifaði fallega bók um Brasilíu (Brasilien: Ein Land der Zukunft) með sömu upphafningu og hann hafði áður skrifað Veröld sem var um Evrópu og stytta sér síðan aldur þar 1942 og þau hjónin bæði.

Bossa nova er Brasíla

Bandaríkin gáfu heiminum djassinn á 20. öld, og Brasilía



ÞORVALDUR GYLFASON Í DAG | Brasilísk tónlist

gaf heiminum bossa nova, sem útleiggst ný leið. En fyrst kom kórinn, sem Brasilíumenn kalla svo, eða choro: það eru hljómfögur og fjörleg verk fyrir litlar hljómsveitir, einkum strengi og blásturshljóðfæri, eins konar danslög; seiðandi sömbutakturinn óx fram úr þessari fallugu tónlist. Síðar ortu skáldin kvæði við mörg þessara laga til söngs. Frægast þeirra er kannski Carinhoso (Ástúðlega) frá 1917 eftir Pixinguinha (1897-1973), hann spilaði ýmist á flautu eða saxófón. Mér skilst, að flestir Brasilíubúar kunni bæði lagið og textann líkt og Íslendingar kunna Ísland ögrum skorið, nema brasilíska lagið er ódur til ástarinnar, ekki til landsins. Finnski kvikmyndagerðarmaðurinn Mika Kaurismäki, sem býr í Brasilíu, hefur gert dásamlega heimildarmynd um choro (Brasileirinho), þar sem sumir fremstu chorotólkendur landsins leika listir sínar af mikilli snillið.

Chorotónlistin var mest höfð til heimabruks. Höfundar hennar og flytjendur lögðu grunninn að bossanóvabyltingunni 1958-63, sem fór eins og eldur í sínu um heiminn. Þetta var afslöppuð og áhyggjulaus millistíttartónlist. Textarnir fjölluðu um fallegar stelpur á ströndinni í Ríó og þess háttar. Þarna fóru fremst í flokki tónskáldin Tom Jobim (1927-94) og João Gilberto (1931-) og ljóðskáldið Vinicius de Moraes (1913-

80). Þeir drógu úr trumbuslættinum frá fyrri tíð og ruddu nýjar brautir í ríkulegri raddsetningu, svo að flóknir og stundum stríðir hljómar urðu þýðir í eyrum hlustandans. Fótþolti og bossa nova bera hróður Brasilíu út um allan heim í áþekktum hlutföllum.

Þriðja byljan: Tropicalismo

Herföngjar tóku völdin í Brasilíu 1964. Draumurinn um land framtíðarinnar dofnadi, nei, hann sofnadi. Áhyggjulausir bossanóvasöngvar áttu ekki lengur við. Caetano Veloso var þá átján ára uppreppandi tónlistarmaður og mátti ekki til þess hugsa, að bandarísk afþreyingarmúsík flæddi yfir Brasilíu líkt og stórfyrirtækin, sem höfðu komið herforingjaklíkunn til valda með aðstoð bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Honum fannst Elvis Presley vera þunnur þrettándi, ekki bara músikin, heldur innihaldið. Hvar var þjóðfélagsgagnrýnin? Hvar var samúðin með fátæku fólki?

Upp úr þessari heitu hugsjón spratt þriðja byljan í brasilískri tónlist á 20. öld, tropicalismo, taktfast, fagað, fjölbreytt, rammbrazilískt rokk með afrísku og karabísku ívafi. Caetano Veloso stóð stoltur á öxlum Gilbertos og Jobims og vann með þeim, en fór nýjar leiðir. Textarnir hans leiddu fyrst til fangavistar heima fyrir og síðan til langrar útlegðar í London. Hann sneri heim aftur þjóðhetja. Hann hefur gefið út mikinn fjölda diska, hvern öðrum frumlegri og fallettri, og er enn að. Bítarnir komast ekki með tærnar þar sem Caetano Veloso hefur hælana. Honum svipar frekar til klassískra tónskálda. Hann á það til að taka lagið á börnunum í Ríó, ef hann á leið hjá. Í New York heldur hann konserta í Carnegie Hall eins og Jobim og Gilberto gerðu áður.

Góða umferðarhelgi!

UMRÆÐAN

Kjartan Magnússon skrifar um aðgæslu í umferðinni.

Mikil umferð hefur verið um þjóðvegi landsins í sumar enda kjósa margir að ferðast innanlands vegna versnandi efnahags. Við upphaf mestu umferðarhelgar ársins er, til varnaðar, rétt að minna á helstu orsakir banaslysa. Hver og einn getur farið yfir þessi atriði og metið hvort hann þurfi að breyta aksturslagi sínu. Auk banaslysa, valda eftirfarandi þættir fjölda slysa og miklu eignatjóni: Hraðakstur, bílbelti ekki notað, ölvunarakstur, svefn og þreyta, reynsluleysi öku-manns, forgangur ekki virtur, vegur og umhverfi.

Orsakir banaslysa tengjast oftast áhættuþegðun öku-manns eða mannlegum mistökum hans. Samkvæmt ársskýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa hefur banaslysum í umferðinni fækkað verulega á síðastliðnum árum. Síðastliðin fimm ár (2004-2008) fórust 100 manns í umferðarslysum á Íslandi en 129 manns á árunum fimm þar á undan (1999-2003).



KJARTAN MAGNÚSSON

Þrátt fyrir að umferðarslysum hafi fækkað verulega frá árinu 2006, hefur alvarlegum umferðarslysum því miður fjölgað. Í slysaskrá Umferðarstofu eru 128 umferðarslysum með miklum meðslum skráð árið 2006 en 164 árið 2008. Bifhjólaslysum og framan-árekstrum bifreiða fjölgaði mest.

Rannsóknarnefndin telur líklegt að á árunum 1998-2008 hefðu 43 lifað af slysi, hefðu þeir notað bílbelti. Í mörgum tilvikum kastast fólk út úr ökutækjum og bíður bana eða stórslasast vegna höfuðáverka, sem hljóttast af harðri lendingu á jörð eða þegar ökutækio veltur yfir það. Þau dæmi eru sorglega mörg þar sem sjálfur bíllinn þolir áreksturinn en fólk lætur lífið þar sem bílbelti voru ekki spennt.

Aldrei er nægilega brýnt fyrir vegfarendum að sýna sérstaka varúð þegar ekið er eftir malarvegum, einkum þegar komið er inn á slíka vegi af malbiki. Þar er enn mikilvægara en ella að hægt sé á bifreiðum þegar þær mætast vegna grjótkasts og rykmengunar. Af sömu ástæðu er mjög mikilvægt að menn hægi verulega á sér þegar ekið er fram hjá gangandi eða hjólandi vegfarendum á malarvegum.

Um leið og hvatt er til aðgæslu í umferðinni minni ég á gamalt spakmæli Skallagríms Kveldúlfssonar, sem enn er í fullu gildi: „Gott er heilum vagni heim að aka.“ *Höfundur er borgarfulltrúi.*



VERÐLAUN PRATT-STOFNUNARINNAR voru nýlega veitt fatahönnuðinum Marc Jacobs sem einnig hlaut verðlaun fatahönnuða í New York í síðasta mánuði. Veitir Jacobs þeim viðtöku í boði sem haldið verður í október.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Eirberg

Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Eirberg

Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Daniel Tryggvi átti „mömmu“ í Hong Kong sem dældi í hann nýjum fötum og þar jókst áhugi hans á tísku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Til brúðargjafa

Silkidamask og bómullarsatín sængurfatnaður. Íslensk framleiðsla. Stærðir 140x200 og 200x200

Sængurfataverslun með vandaða vöru

Skólavörðustíg 21a
Njálsgötumegin
S. 551 4050



Offramboð af ókeyppis fötum í Hong Kong

Daniel Tryggvi Thors fer í ræktina í íþróttafötum sem hann keypti þegar hann var tólf ára. Áhugi hans á tiskunni hefur aukist og segist hann nú fá hugmyndir úr umhverfinu en ekki frá tiskubáttum í sjónvarpi.

„Ég er í gulum Billabong-bol og hvítum Nike-stuttbuxum,“ segir háskólaneminn Daniel Tryggvi Thors, um íþróttafötin sem hann klæðist. „Gulur er mjög sumarlegur litur,“ útskýrir hann.

Daniel eignaðist hvort tveggja, bolinn og buxurnar, þegar hann var tólf ára. „Þessi föt eldast greinilega mjög vel. Ég held ég hafi haft það lítinn skilning á fötum þegar ég var yngri að stærð var í rauninni afstætt hugtak. Ég keypti mér bara of stór föt.“

Þegar Daniel er inntur eftir því hvort hann spái meira í föt núna segir hann: „Spá meira og spá ekki meira. Ég er náttúrulega kominn

á aldur, orðinn ungur fullorðinn strákur og þá skiptir meira máli að vera vel klæddur heldur en þegar ég var yngri. Í hlutfalli spái ég ekkert meira í það en í tímaeiningum geri ég það.“

Daniel lýsir stíl sínum þannig: „Hann er svona post „Marilyn Monroe rokkabíll pre grunch“-blanda með smá Hot Chip-nörðahressleika,“ fullyrðir Daniel, sem lítur í kringum sig eftir flottum fötum. „Ég horfi ekki á tiskubætti í sjónvarpinu og hugsa: Vá, ég ætla að vera svona. Ég fæ hugmyndir alls staðar að. Ég lít í kringum mig og læri af umhverfinu.“

Daniel dvaldi í Hong Kong fyrir

nokkrum árum og segir tiskua-áhugann hafa aukist þar. „Ég átti „mömmu“ sem dældi í mig nýjum fötum. Þá byrjaði ég að hugsa meira um tísku og með offramboði á ókeyppis fötum gat ég valið og hafnað. Hún gaf mér það merkilega mikið að það var orðið hálfvandræðalegt.“

Aðspurður segir Daniel tiskuna auðvitað vera öðruvísi í Hong Kong en á Íslandi. „Í stærri samfélögum er meira úrval, það segir sig sjálft. Við Íslendingar erum þó svo nýjungagjarnir að við finnum þetta sjálf á endanum og þurfum ekki að reiða okkur á útlendinga.“

martaf@frettabladid.is

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.



Shell **HELIX**



Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

TÍSKA

TÍSKUHÖNNUÐIR Í NEW YORK funduðu nýverið um framtíð tískuvikunnar. Netíð virðist hafa breytt iðnaðinum og sagði Donna Karan að hönnuðir eyddu tíma og fjármunum í að sýna föt sem seldust á afslætti þegar þau loksins kæmu í búðirnar.



Erfitt að fá sníðablöðin

Fréttir hafa borist af því að heimasamur sé að sækja í sig veðrið og verða vinsælli. Sníðablöð virðast þó ekki fylgja með því erfitt hefur reynt að nálgast þau upp á síðkastið. Verið er að bæta úr því.

„Penninn blaðadreifing hefur minnkað úrvalið og mun minna hefur komið af blöðum sem við höfum pantað að undanfögnu,“ segir Edda Bára Róbertsdóttir, deildar- og sölustjóri hjá Vogue. „Ég hef haft samband við þá en hef ekki fengið nánari skýringar á því,“ segir Edda Bára, sem tekur þó fram að hún hafi ekki fylgt því eftir vegna þess að sumarblöðin eru minna keypt en vetrarblöðin.

„Auðvitað viljum við vera með fullt af blöðum,“ upplýsir Edda Bára sem segir leiðinlegt að fá sníðablöðin seint. Hún segist finna fyrir mikilli uppsveiflu í saumaskap og að vinkonur komi oft og kaupi blað saman. „Þess vegna viljum við auðvitað fá fleiri blöð,“ segir Edda Bára sem gripið hefur til þess ráðs að lána blöð til viðskiptavina og íhugar að flytja inn blöð með haustinu.

Dagbjört Helgadóttir, skrifstofustjóri Virku, hefur einnig fundið fyrir erfiðleikum við að afla sníðablaða. „Alls konar aukablöð voru innan Burda og Knip sem eru hætt að sjást. Af öðrum blöðum virðist vera pantað inn mjög takmarkað magn hjá Pennanum blaðadreifingu,“ segir Dagbjört og bætir við að rekja megi erfiðleikana til upphafs kreppunnar. „Við höfum þó ekki gengið mikið á eftir því að fá fleiri þar til nú og bíðum spennst að sjá hvað gerist.“

Aðspurð segir Dagbjört sníðablöðin seljast mjög vel en færri blöð oft pöntuð heldur en eftirspurn er eftir. „Blöðin hafa selst upp undanfarið og ekki hefur verið hægt að panta aukablöð,“ útskýrir Dagbjört, en auðveldara var áður að fá blöð eftir á.

Kolbrún Ósk Skaftadóttir, vörustjóri tímarita hjá Pennanum, segir vandræðin hafa hafist við hrúnið. „Þegar Penninn skipti um kennitölu lokuðu nokkur fyrirtæki á okkur og



Edda Bára segir að leiðinlegt sé hversu seint sníðablöð hafa borist undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það þurfti að semja upp á nýtt,“ segir Kolbrún en tekið getur upp undir hálf ár að fá suma titla aftur inn.

Innt eftir því hvenær allir titlar verði komnir aftur segir Kolbrún það verða fyrir lok árs. „Þegar árið er liðið ætti allt að vera komið í gang eins og var fyrir hrun,“ upplýsir hún og heldur áfram: „Samningar hafa náðst við alla aðila og við erum búin að fjölga sníðablöðum, því þau hafa selst vel.“

martaf@rettabladid.is



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



Pvottavél
Toppblaðin
- 10 kg -

Purrkari
- 10 kg -



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



NÝTT

Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flexitol




Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR
F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÓLUSTADIR: Apótek og snyrtivöruverlanir



Gallabuxur
fyrir Verzlunarmannahelgina

Síðbuxur og kvartbuxur

Str. 36 - 56. Upp í mitti. Mörg sníð. Svartar, dökk bláar og ljós bláar.



Bæjarlind 6, sími 554-7030

Eddufelli 2, sími 557-1730

Flott í ferðalagið!



Gallabuxur
háar í mittið
4990,-

Síðar gollur
4990,-

Lufsupeysur
3990,-

Gallapils
3990,-



Laugaveg 54,
sími: 552 5201

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

Kvenlegt og aðsniðið

Fágaðri fatalínu
Victoriu Beckham
vel tekið.




Á vefsíðunni www.net-a-porter.com er að finna flíkur og fylgihluti eftir þekktu hönnuði á borð við Miu Miu, Valentino, Calvin Klein, D&G Dolce & Gabbana, Ralph Lauren og nýgræðinginn Victoriu Beckham sem setti afar fágaða línu á markað síðastliðið haust.

„Ég hef alltaf heillast af hönnun sem dregur fram kvenlegar línur,“ segir Victoriu um hönnunina en það sem einkennir hana einna helst eru aðsniðin mitti, hnésíð pils og rennilásar í bakið.

Línan er að mörgu leyti eins og afsteypa af fataskáp Beckham, en hún sést aldrei öðruvísi en í fötum sem leggjast fullkomlega að líkamnum. Það er skemmst frá því að segja að línunni hefur verið vel tekið og selst hún eins og heitar lummur.


Beckham klæðist eingöngu aðsniðnum fötum.

- ve



Gleraugu

Sérblað um gleraugu, fimmtudagur 30. júlí 2009





CHANEL

Plastumgjörð sem er í senn svört og glær. Þegar þessi umgjörð er sett upp kemur á óvart hvað hún þyngir lítið augnsvipinn sem annars er algengt með svartar plastumgjörðir.



ROBERT LA ROCHE

ROBERT LA ROCHE

Stór gler, glerin kúpt. Mælum með gleri sem dökknar í sól fyrir þessa títan lituðu



roberto cavalli

ROBERTO CAVALLI

Stór, mikið skreytt með alls kyns steinum og öðru flúri.



LINDBERG

LINDBERG.

Framstykkið úr plasti (acetate) og títan armur, fislétt og þægileg gleraugu.



PRADA

Prada títan umgjörð, falleg hönnun. Takið eftir litlu götunum á örmum umgjörðarinnar.

PRADA



Barnagleraugu frá hinum danska Lindberg, létt og sterk.



Lindberg-gleraugu með sveigðu gleri og umgjörð úr titáni.



Unga fólkíð í dag hefur gaman af því endurvekja gleraugnastíl afa og ömmu. Gleraugu frá Culter and Gross.



Fislétt og þægileg gleraugu frá Lindberg. Framstykkið úr plasti en armarnir úr titán. Fást í Optical Studio.

Frjálsleg og frökk

Áberandi umgjörðir með afturhvarfi til fortíðar ásamt nýjum línunum með sveigðum glerjum má finna í fjölbreyttu gleraugnaúrvali Optical Studio í Smáralind, Reykjanesbæ og Leifsstöð.

„Tískan í gleraugum er frjálsleg og ekkert að biðjast afsökunar á sjálfri sér, enda eru gleraugu eiginlegur skartgripur,“ segir Kjartan, eigandi og framkvæmdastjóri Optical Studio. Hann telur það athyglisverðasta við gleraugnatískuna nú vera glerin sjálf. „Þau eru stærri en þau hafa verið og sum þeirra eru kúpt eða sveigð. Það færir horn glerauganna aftur um nokkra millimetra og þessi nýja tækni gefur gleraugnanotandanum víðara sjónsvið. Auk þess framkallar hin sveigða lína nýja gleraugnaásýnd.“


Umgjörðir fyrir slík gler eru frá framleiðendum eins og Lindberg, Robert LaRoche og Oakley. Optical Studio hefur umboð fyrir þá og einnig Ray Ban, Prada, Chanel, Tom Ford, Johnson&Johnson og Bulgari svo nokkrir séu nefndir.

